FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

127. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 13. JÚNÍ 2017




Þjóðaröryggisráð fundaði í gær á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Að sögn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra voru netöryggismál til umfjöllunar sem og hryðjuverkahætta og vopnaburður lögreglu. Fremst á myndinni má sjá Jónu Sólveigu Elínardóttur, fulltrúa meirihluta þingsins í nefndinni, og Bjarna Benediktsson forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Á fjórða þúsund manns í ósamþykktu húsnæði

**Búið er að kortleggja núverandi stöðu óleyfisíbúða á höfuðborgarsvæðinu. Mikil fjölgun hefur orðið í Hafnarfirði og Mosfellsbæ frá árinu 2008. Borgar- og bæjarstjórar hafa fengið upplýsingarnar. Mörg óleyfishús með eldvarnir í lagi.**

**SAMFÉLAG** „Markmiðið er ekki að hreinsa út úr svona húsnæði. Markmiðið er að eldvarnir séu í lagi," segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS), en honum var falið að kortleggja núverandi ástand á óleyfisíbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

Hann telur að á fjórða þúsund manns búi í slíku húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Staðfest er að 1.035 íbúar búa í óleyfisíbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Flestir í Reykjavík, eða 461, en flest börn búa í óleyfisíbúðum í Kópavogi, eða 30.

> Við viljum líka heyra frá fólki ef það er óöruggt með eldvarnir hjá sér.
>
> Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri

„Það eru íbúðir mjög víða en það er mikilvægt að taka það fram að ekki eru allar íbúðir með slakar eldvarnir. Margar af þessum íbúðum eru til fyrirmyndar en í öðrum mætti bæta þær. Við viljum líka heyra frá fólki ef það er óöruggt með eldvarnir hjá sér," segir hann. Jón Viðar bendir á að þegar slökkviliðsmenn fara í útkall verði þeir að hafa á bak við eyrað að þar inni séu mögulega íbúar. „Við höfum þurft að loka húsnæði, oftar en einu sinni. Ástandið var þá þannig að það var ekki hægt að bæta úr aðstæðum," segir hann.

Frá árinu 2008 hefur óleyfisíbúðum í Hafnarfirði fjölgað um 60, eða úr 21 heimilisfangi í 81. Í Mosfellsbæ eru nú 19 þekkt heimilisföng en voru sjö árið 2008. Alls eru 132 óleyfisíbúðir í Reykjavík, 63 í Kópavogi og 15 í Garðabæ. – **bb**

## Evran vinsælust

**VIÐSKIPTI** Evran er langvinsælasti gjaldmiðillinn í gjaldeyrishraðbanka Arion banka. Hraðbanki bankans var nýverið opnaður í Kringlunni og er hann sá fyrsti hér á landi ef frá eru taldir hraðbankar í Leifsstöð.

75% af öllum úttektum sem gerðar voru í fyrstu vikunni voru evrur. 14% voru Bandaríkjadalir, 8% bresk pund og 3% danskar krónur. – **aó**

## Ekkert plast og sóun í lágmarki

**SAMFÉLAG** Forsvarsmenn Mathallarinnar sem verður opnuð á Hlemmi segjast ætla að hafa að leiðarljósi að takmarka matarsóun og hugsa eins vel um umhverfið og hægt er. Meðal annars með því að lágmarka matarsóun og bjóða ekki upp á plastumbúðir. „Markmiðið er að verða alveg plastlaus," segir Ragnar Egilsson, markaðsstjóri Mathallarinnar. – **ghe** / **sjá síðu 24**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Sigmundur Davíð segir undarlega atburði hafa gerst við þinglok. 13

**SPORT** Það verður sambastemning í Laugardalnum í kvöld er íslenska kvennalandsliðið spilar við Brasilíu. Með liði Brasilíu spilar ein besta knattspyrnukona allra tíma, Marta. Hún mun ekki fá neitt ókeypis í kvöld. 14



**LÍFIÐ** Það er viðburðaríkt sumar fram undan hjá tónlistarkonunni Karó. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


SMÁRABÍÓ

SMAX

FULLKOMNASTI KVIKMYNDASALUR LANDSINS

Coca-Cola

FLAGSHIP LASER 4K DOLBY ATMOS

Fullkomnasta mynd í heimi | Fullkomnasta hljóð í heimi | Fullkomnari aðstaða

## Veður




Fremur hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Skýjað með köflum og þurrt að kalla, en líkur á síðdegisskúrum suðvestan til, einkum í innsveitum. SJÁ SÍÐU 18




**Verslanir Oasis hafa verið í eigu Kaupþings frá árinu 2009 en eru nú í söluferli.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vill kaupa verslanir af Kaupþingi

**VIÐSKIPTI** Breski kaupsýslumaðurinn Philip Day er sagður hafa áhuga á að kaupa fatakeðjurnar Coast, Oasis og Warehouse af Kaupþingi. Keðjurnar voru settar á sölu í nóvember í fyrra og var uppsett verð þá 100 milljónir punda, sem jafngildir um 12,5 milljörðum króna, en talið er að Day geti nú keypt verslanirnar fyrir helmingi lægri fjárhæð.

Day er forstjóri smásölukeðjunnar Edinburgh Woollen Mill, en í frétt The Sunday Times segir að hann hafi aukið umsvif sín á smásölumarkaði að undanförnu með kaupum á nokkrum verslunum.

Félagið Aurora Fashions rekur keðjurnar þrjár, Coast, Oasis og Warehouse, en það hefur verið í eigu Kaupþings frá árinu 2009. Áður voru þær í eigu félagsins Mosaic Fashions, sem varð gjaldþrota í kjölfar hrunsins, en Baugur Group var stærsti eigandi þess félags. Aðrir hluthafar voru meðal annars Kaupþing og fjárfestingarfélagið Stapi.

Líkt og margar verslanakeðjur hafa verslanir Aurora Fashions átt erfitt uppdráttar undanfarin ár. Fatasala hefur dregist verulega saman í Bretlandi og þá er einkaneysla jafnframt minni en áður. **– kij**

# Hituðu upp fyrir þjóðhátíðardaginn




**Þjóðhátíðardagur Íslendinga er næstkomandi laugardag með tilheyrandi húllumhæi. Dagskrá verður nokkuð áþekk því sem hún hefur verið í gegnum tíðina. Lögreglufólk sem kemur til með að standa vörð á Austurvelli æfði fyrir stóra daginn á Laugardalsvelli í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Mörg hundruð milljóna króna hádegisverður

**VIÐSKIPTI** Hádegisverður með fjárfestinum Warren Buffett var í nýliðinni viku sleginn hæstbjóðanda fyrir 2,7 milljónir dala, sem jafngildir um 265 milljónum króna.

Um árlegt uppboð er að ræða, þar sem áhugasömum gefst kostur á að vinna hádegisverð með spámanninum frá Omaha, en ágóðinn rennur allur til góðgerðarsamtaka.

Hæstbjóðandi vildi ekki láta nafns síns getið. Hann má taka með sér allt að sjö gesti en máltíðin verður snædd á steikhúsinu Smith & Wollensky í New York.

Uppboðið stóð í fimm daga en hæsta tilboð nam 2,3 milljónum dala, allt þar til á síðustu mínútum að hærra tilboð barst. Alls hefur Buffet safnað yfir 25 milljónum dala til góðgerðarmála með þessum hætti. **– kij**


RUDY PROJECT
Technically Cool
**Bættu árangurinn!**
Íþróttagleraugu með og án styrkleika.



MJÓDDIN S:587 2123
FJÖRÐUR S: 555 4789
augastaður
Gleraugnaverslunin þín


# Rotturnar sleikja líka sólina í borginni

**Íbúar í Vesturbænum hafa á Facebook vakið athygli á rottugangi. Starfsmaður meindýravarna Reykjavíkurborgar segir að ekki sé meiri rottugangur á svæðinu en venjulega. Rottur eiga það til að birtast á götum borgarinnar þegar hlýnar.**

**REYKJAVÍK** Líklega má skýra það að Vesturbæingar verði meira varir við rottugang núna en áður með því að þegar vel viðrar séu rottur meira á ferli. Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, bendir á að ekki sé óeðlilegt að menn sjái rottur á þessum tíma þegar veðrið er hvað best

Hanna Ólafsdóttir, blaðamaður sem býr í Vesturbænum, birti á Facebook-síðunni Vesturbær myndband af rottu við Holtsgötu á laugardaginn. Færslan fékk mikil viðbrögð innan hópsins. Hanna segist þó aðeins hafa séð rottu á ferli í Vesturbænum í þetta eina skipti. Í Facebook-hópnum má sjá nokkrar færslur frá öðrum notendum um rottugang á svæðinu síðustu vikur, sumar rotturnar hafa verið á lífi en aðrar dauðar.

Starfsmaður meindýravarna hjá Reykjavíkurborg segir ekki meiri rottugang í Vesturbænum en venjulega þrátt fyrir frásagnir af því. Fólk verði ef til vill meira vart við þær núna, en tilkynningum hefur ekki fjölgað hjá meindýravörnum Reykjavíkurborgar.

Að mati starfsmannsins gæti verið að fólk tæki meira eftir rottum vegna umfjöllunar um rottugang. Fólk sé farið að líta sér nær og skoða heimahverfið meira.

Bjarni telur það ekki rétt að rottugangur hafi aukist. „Þegar það verður vart við rottur þá hefur fólk yfirleitt samband við meindýraeyða borgarinnar þannig að þeir eru með ansi góða skráningu á því sem er að gerast.“

Þegar tilkynnt sé um rottugang mæti meindýraeyðar og setji upp gildrur. „En síðan er eitrað í skolpbrunnana á sumrin til þess að halda rottum í skefjum. Engin hætta er á því að gæludýr komist í slíkt eitur,“ segir Bjarni.



**Rottur eru meira áberandi í borginni þegar hlýnar í veðri.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það er ekki óeðlilegt að menn sjái rottur á þessum tíma þegar veðrið er hvað best.**
>
> Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar



Hann bendir á að rottur séu meira á ferli í góðu veðri. „Það er kannski mikið af opnum húsgrunnum vegna fjölda framkvæmda sem eru í gangi í Reykjavík. Þegar er verið að sinna viðhaldi hér og þar og skolpið er kannski opnað þá geta þær jafnvel flúið og farið á stjá. Þannig að það er ekki óeðlilegt að menn sjái rottur á þessum tíma þegar veðrið er hvað best.

Mikilvægt er að fólk láti meindýravarnir vita þegar það verður vart við rottur. Hægt er að finna síma hjá meindýravörnum á síðu borgarinnar,“ segir Bjarni Brynjólfsson. **saeunn@frettabladid.is**





30 GB fylgja!

**iPhone 7** 32 GB

**99.990 kr.** stgr.

128 GB **114.990 kr.**
256 GB **129.990 kr.**

**iPhone 7 Plus** 32 GB

**114.990 kr.** stgr.

128 GB **129.990 kr.**

# Sumarið snýst um þig hjá Nova!



30 GB fylgja!

**iPhone 6s** 32 GB

**89.990 kr.** stgr.



30 GB fylgja!

**iPhone SE** 16 GB

**54.990 kr.** stgr.

**Sumartilboð:** Farsímum hjá Nova fylgir 30 GB netnotkun.
Gildir í 3 mánuði innanlands í áskrift og frelsi.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

# Vilja laga aðstöðu farþega í Mjódd

**SAMGÖNGUR** Um fjórar milljónir farþega fara árlega um skiptistöðina í Mjódd og bar Sjálfstæðisflokkurinn upp tillögu á borgarráðsfundi um að bæta aðstöðu farþega.

Lagt er til að salerni verði opnuð almenningi og sætum í biðsal verði fjölgað.

„Það lýsir mikilli þröngsýni og neikvæðu viðhorfi gagnvart þjónustu við strætisvagnafarþega að borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna kjósi að fella tillögu um jafn sjálfsagðar úrbætur á skiptistöðinni og tillagan felur í sér. Ljóst er að umræddar úrbætur yrðu ekki kostnaðarsamar í samanburði við mörg verkefni sem borgarstjórnarmeirihlutinn setur nú í forgang,“ segir í tillögunni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata bókuðu að aðstaðan í Mjóddinni væri opin til klukkan sex á daginn og eftir það biðu farþegar í strætóskýlum líkt og víðast annars staðar í borginni. „Afar fáar athugasemdir við opnunartíma húsnæðis í Mjódd hafa komið inn á borð Strætó.

Að undanförnu hefur verið til skoðunar að færa Þjónustumiðstöð Breiðholts í húsnæðið í Þönglabakka 4. Í tengslum við þann flutning hafa verið ræddar hugmyndir um að samnýta neðstu hæðina fyrir farþega Strætó og gesti þjónustumiðstöðvarinnar með það að markmiði að bæta aðstöðu og þjónustu við farþega Strætó,“ segir enn fremur. **– bb**



**Meirihlutinn er gagnrýndur fyrir aðgerðaleysi í Mjódd.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hatursglæpum gegn hinsegin fólki fjölgaði

**BANDARÍKIN** Árið 2016 var það mannskæðasta fyrir hinsegin Bandaríkjamenn samkvæmt nýrri rannsókn National Coalition of Anti-Violence Programs.

The Daily Beast greinir frá því að þó að meira að segja árásin í Pulsenæturklúbbnum í Flórída sé tekin út fyrir sviga hafi hatursmorð gegn hinsegin Bandaríkjamönnum aukist um 17 prósent milli áranna 2015 og 2016.

Rannsóknin sýnir að litaðir hinsegin Bandaríkjamenn eigi sérstaklega undir högg að sækja þegar kemur að ofbeldi gegn hinsegin fólki. Einnig hafi margt transfólk verið myrt á árinu. Í skýrslunni kemur fram að 77 manns hafi verið myrtir út af hatri gegn hinsegin fólki í Bandaríkjunum árið 2016. Samkvæmt skýrslunni voru yfir 1.000 hatursárásir gerðar gegn hinsegin fólki, sem leiddu ekki til dauða þeirra, árið 2016. **– sg**

# Bann við gjafafé

**ÍSRAEL** Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, vill herða lög frá 2016 þar sem palestínskum samtökum er bannað að taka við fjárstuðningi frá Evrópu. Nú ætlar forsætisráðherrann að þjarma að ísraelskum samtökum sem ekki eru undir stjórn ríkisins.

Verði forsætisráðherranum að ósk sinni mega ísraelsk samtök, eins og til dæmis mannréttindasamtök sem gagnrýna stjórnvöld, ekki taka við fjárstuðningi frá öðrum löndum. Það gæti lamað starfsemi þeirra, að því er segir á fréttavef Berlingske. **– ibs**



**Benjamin Netanjahú**

# Lögreglan skynjar ekki aukna hörku í undirheimunum

**Lögregla segir að þrátt fyrir að svo megi virðast sé ekki að færast aukin harka í undirheima Reykjavíkur. Harkan hafi þó aukist sé horft yfir mjög langt tímabil. Mótorhjólaklúbbar sem stunda glæpastarfsemi hafi ekki náð að koma undir sig fótunum eins og óttast var um tíma eftir harðar aðgerðir lögreglu gegn þeim.**

**LÖGREGLUMÁL** Ekki eru uppi merki um aukna hörku í undirheimum Reykjavíkur og nágrennis. Þetta segir Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir að árás í Mosfellsdal hafi nýlega leitt til dauða manns, sé ekki að merkja aukna hörku heilt yfir.

„Það er ákveðin harka í undirheimum þegar kemur að innheimtuaðgerðum. Þá er um að ræða innheimtur á einhverjum skuldum sem geta verið tilkomnar vegna ólögmæts athæfis og lögreglu er þar af leiðandi ekki blandað í málið,“ segir Grímur.

Hann segir að vissulega megi merkja aukna hörku yfir langt tímabil. „Það má sjá þetta ef horft er yfir lengra tímabil, einhverja tugi ára, en ekkert alveg núna upp á síðkastið.“

Grímur segir að það vilji loða við grófar og glæpsamlegar innheimtuaðgerðir, alltaf kallaðar handrukkanir, að lögreglu sé ekki gert viðvart. „En ég hvet til þess að lögregla sé látin vita þegar ofbeldi er beitt í svona málum, og alltaf þegar ofbeldi er beitt.“

Einn hinna handteknu í manndrápsmálinu í Mosfellsdal, Jón Trausti Lúthersson, er stofnandi mótorhjólaklúbbsins Fáfnis sem síðar gekk inn í alþjóðasamtök Hells Angels á Íslandi. Síðar varð hann meðlimur í mótorhjólasamtökunum Outlaws. Bæði samtökin hafa áratugalanga sögu um skipulagða glæpastarfsemi þar sem þau hafa náð að skjóta rótum.

Grímur segir að ekkert bendi til þess að slíkum félögum sé að vaxa ásmegin eins og ráða má af fréttaflutningi þar sem bent er á tengsl Jóns Trausta og Sveins Gests Tryggvasonar, sem einnig er grunaður í málinu, við slík samtök. „Við erum alltaf að fylgjast með þessu og höfum aðeins þær upplýsingar sem á annað borð liggja fyrir okkur á lausu. En það er ekki þannig að þeim hafi verið að vaxa mikill fiskur um hrygg. Við reynum að fylgjast vel með því hvernig þessi samtök þróast og eflast eftir atvikum.“





**Lögregla telur sig hafa kveðið uppgang mótorhjólasamtaka hér á landi í kútinn en fylgist vel með þróun þeirra áfram.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það mega samt auðvitað öll samfélög passa sig á því að normalisera ekki ofbeldi. Allt ofbeldi er óeðlilegt og á ekki að eiga sér stað í samskiptum fólks.**
>
> Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn



Hingað til hefur erlendum félagsmönnum þessara mótorhjólaklúbba verið vísað frá við komuna til landsins.

Grímur segir að það hafi dregið verulega úr því að menn á vegum mótorhjólasamtaka sem stunda skipulagða glæpastarfsemi venji komur sínar hingað til lands. Lögregla hafi náð vel utan um vandamálið þegar það kom upp fyrir um áratug og uppræatt, þó auðvitað verði fylgst vel með áfram.

**snaeros@frettabladid.is**




# Vélorf

**Mikið úrval vélorfa með tvígengis- eða fjórgengismótor. Einnig rafknúin orf: 220V, 18V og 36V.**



| Vélorf með rafmótor 230V | 36V rafhlöðuorf | Mótorsláttuorf |
|---|---|---|
| Afl mótors 1000W | Notar 2 x 18V rafhlöður | 43 cc 4-gengismótor, 1,45 hö |
| Þyngd 4,1 kg | Þyngd 5,2 kg | Þyngd 7,1 kg |

ÞÓR HF

**Reykjavík:** Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500

**Akureyri:** Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555

**Opnunartími:** Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar

**Vefsíða og netverslun:** www.thor.is

MÁL OG MENNING

# Að efla frjálsa þjóðmenningu

## með bókaútgáfu og annarri upplýsingastarfsemi

**Þannig lýsir Bókmenntafélagið Mál og menning hlutverki sínu í fyrstu samþykktum félagsins.**

Þann 17. júní eru 80 ár liðin frá því að fulltrúar Félags byltingarsinnaðra rithöfunda og bókaútgáfunnar Heimskringlu lögðu grunn að félagi til að gefa út vandaðar bækur á viðráðanlegu verði. Síðan þá hefur gengið á ýmsu í sögu Máls og menningar, þar sem finna má rússagull og rekstrarvanda, en líka heimsbókmenntir og skáldaþing, að ótöldum þúsundum bóka. Nú er félagið stoltur aðaleigandi Forlagsins, stærstu bókaútgáfu á Íslandi, í félagi við Egil Örn Jóhannsson. Af þessu tilefni er öllum velunnurum Máls og menningar boðið til …

# AFMÆLISVEISLU

## í Kaldalóni í Hörpu þann 16. júní kl. 19:30




- Flutt verða brot úr Sóleyjarkvæði eftir Jóhannes úr Kötlum og Pétur Pálsson, undir stjórn Árna Harðarsonar.
- Gerður Kristný og Halldór Armand flytja skáldskap.
- Halldór Guðmundsson segir frá bókmenntafélaginu og Sigþrúður Gunnarsdóttir stýrir veislunni.
- Dagskráin tekur um klukkutíma og aðgangur er ókeypis en vissara er að tryggja sér miða í miðasölu Hörpu, s. 528 5050.

Í tilefni af afmælinu stendur MM að nýrri útgáfu Sóleyjarkvæðis, sem Helgi Bernódusson, Gunnar Guttormsson, Árni Björnsson og Þórður Helgason önnuðust. Bókinni fylgir hljómdiskur með upphaflegum flutningi á kvæðinu sem aldrei hefur komið út áður.

# Aðalfundur
Íbúasamtaka Laugardals 2017

**Aðalfundur Íbúasamtaka Laugardals verður haldinn þriðjudaginn 20. júní 2017 kl.20:00 í fundarsal Café Meskí, Fákafeni 9, Reykjavík.**

**Dagskrá fundar:**
Venjuleg aðalfundarstörf.

Óskað er eftir tilnefningum í stjórn í síðasta lagi sólarhring fyrir aðalfundinn á netfangið ibuarlaugardals@gmail.com.

Allir áhugasamir íbúar eru hvattir til að mæta !

*Stjórn Íbúasamtaka Laugardals.*



Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA



**Norrænu krabbameinssamtökin (NCU) auglýsa eftir umsóknum um styrki til krabbameinsrannsókna**

Rannsóknirnar skulu byggja á samstarfi vísindamanna norrænu landanna og hafa að markmiði að:

- Auka þekkingu og skilning á krabbameinum
- Auka skilvirkni forvarna
- Efla árangur í krabbameinsmeðferðum og endurhæfingu
- Auka virkni í beitingu krabbameinsmeðferða í norrænu löndunum

Umsóknum skal skilað fyrir kl. 13 þann 1. sept. 2017.
Nánari upplýsingar um umsóknir eru á **www.ncu.nu**

*Krabbameinsfélag Íslands hefur verið meðlimur í Samtökum norrænna krabbameinsfélaga, Nordic Cancer Union (NCU) í yfir 60 ár. Samtökin leggja áherslu á að styðja vísindarannsóknir á krabbameinum og nema árlegir styrkir um 750.000 Evra.*

www.krabb.is Krabbameinsfélagið


## Mótmæla kosningunum



Hópar Madesa, þjóðflokks í suðurhluta Nepal, stóðu fyrir kyndilgöngu í borginni Janakpur í gær. Eftir tvær vikur fer fram síðari umferð sveitarstjórnakosninga í landinu, þeim fyrstu síðan ný stjórnarskrá tók gildi árið 2015. Madesar hafa kallað eftir því að fyrirmæli stjórnarskrárinnar séu virt en án árangurs. NORDICPHOTOS/AFP

# Þekkt hótelkeðja í gamla sjónvarpshúsið

**Samningaviðræður standa yfir á milli Reita og alþjóðlegrar hótelkeðju. Ritað verður undir samninga síðar í sumar ef allar forsendur ganga eftir. Herbergjafjöldi verður um 120 til 160 auk verslunar- og þjónusturýma á jarðhæð.**

**VIÐSKIPTI** Ef að líkum lætur mun þekkt alþjóðleg hótelkeðja opna sitt fyrsta hótel hér á landi í gamla sjónvarpshúsinu að Laugavegi 176. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins. Fasteignafélagið Reitir hefur að undanförnu átt í viðræðum við keðjuna og er stefnt að undirritun samninga síðar í sumar.

Reitir vinna að því að breyta gamla sjónvarpshúsinu í hótel. Áform félagsins eru að stækka húsið þannig að það verði um 6.700 fermetrar að stærð, en húsið er nú um 4.100 fermetrar. Til stendur að rífa núverandi skemmu á baklóð hússins, byggja ofan á núverandi austurálmu og mögulega hækka húsið um eina hæð. Gert er ráð fyrir að fjöldi hótelherbergja verði á bilinu 120 til 160 auk verslunar- og þjónusturýma á jarðhæð.

Skipulagsyfirvöld í Reykjavík ákváðu í fyrra að efna til skipulagssamkeppni um reitinn ásamt nærliggjandi svæðum, þar á meðal athafnasvæði Heklu við Laugaveg og Brautarholt, en þar stendur til að byggja um 320 til 350 íbúðir á næstu árum. Um leið mun Hekla flytja höfuðstöðvar sínar í Suður-Mjódd. Gert er ráð fyrir að niðurstöður úr samkeppninni liggi fyrir síðar í mánuðinum.

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, segir í samtali við blaðið að í kjölfarið verði lagt mat á verðlaunatillöguna og útfærsla fundin sem allir hlutaðeigandi geti orðið ásáttir um. „Síðan verður unnið deiliskipulag á grundvelli tillögunnar og þegar þeirri vinnu er lokið geta menn hafið framkvæmdir.

Þetta er bara í ákveðnu ferli og við vonumst til þess að það haldi sínum takti og að við getum hafið framkvæmdir þarna fyrr en seinna,“ nefnir hann.

Ekki verður skrifað undir samninga við hótelkeðjuna fyrr en niðurstöður úr samkeppninni liggja fyrir og aðrar forsendur ganga eftir.




Til stendur að opna 120 til 160 herbergja hótel í gamla sjónvarpshúsinu við Laugaveg. Verslunar- og veitingarými verða á jarðhæð hússins. MYND/REITIR

> **Þetta er bara í ákveðnu ferli og við vonumst til þess að það haldi sínum takti og að við getum hafið framkvæmdir þarna fyrr en seinna.**
>
> Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita



Auglýst var eftir rekstraraðilum að hótelinu síðasta haust og reyndist áhuginn mikill. Heimildir Fréttablaðsins herma að þekkt alþjóðleg keðja, sem hefur aldrei rekið hótel á Íslandi, hafi orðið fyrir valinu og eru samningaviðræður langt komnar.

Fjölmörg fyrirtæki og samtök eru sem stendur í gamla sjónvarpshúsinu og má þar meðal annars nefna UNICEF á Íslandi, Red Chili, Sagaevents og Félag Sameinuðu þjóðanna.

Laugavegur 176 stendur meðfram samgöngu- og þróunarás þar sem áætlað er að hin nýja Borgarlína muni liggja. Áðurnefnd samkeppni snýr að framtíðarskipulagi reitsins sem nær frá Laugavegi 168 til 176. Gerir Reykjavíkurborg ráð fyrir blandaðri byggð, íbúðabyggð og atvinnustarfsemi á svæðinu til framtíðar. **kristinningi@frettabladid.is**




**Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með Auris meðan tilboðið gildir**

Þegar mikið er í húfi er gulls ígildi að hafa samherja innan sinna raða sem dregur fram það besta í öðrum. Ef þú vilt finna leikgleði í liprum akstri skaltu bruna til næsta viðurkennda söluaðila og nýta þér sértilboð á öllum gerðum Auris, hinum eina sanna óska-samherja. Jafnframt fylgja fjórfaldir Vildarpunktar með öllum gerðum Auris. Skelltu þér á hann áður en lokaflautið gellur.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Greiða á gjald af hverju kílói af eldisfiski sem flutt er úr landi. MYND/FJARÐARLAX

# Leggja gjöld á eldisfisk

**NOREGUR** Framfaraflokkurinn í Noregi óttast að ný gjöld á eldislax sem norska stórþingið hefur samþykkt leiði til þess að ný störf skapist í Póllandi í stað Noregs. Sveitarfélög við sjávarsíðuna gætu fengið 400 milljónir norskra króna í aukatekjur á hverju ári samkvæmt nýrri samþykkt þingsins.

Árið 2013 voru bein og óbein störf við vinnslu norsks lax í Evrópu 100 þúsund. Roy Steffensen, þingmaður Framfaraflokksins, bendir á að greiða þurfi gjald af hverju kílói af óunnum fiski sem fluttur er út. Sveitarfélögin fái peninga í kassann þótt vinnslan fari fram erlendis.

Fulltrúi Sósíalíska vinstri flokksins, Torgeir Knag Fylkesnes, segir gjöldin mikilvægan sigur fyrir sveitarfélög við sjávarsíðuna. Fiskeldisfyrirtækin greiði nú engin gjöld fyrir afnot af hafsvæðunum. **– ibs**

# Ölgerðin kaupir Kú

**VIÐSKIPTI** Ölgerðin hefur fest kaup á Kú mjólkurbúi. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

„Kú hefur verið ötull frumkvöðull frá stofnun og barist af einurð og afli gegn fákeppni á mjólkurmarkaði. Með kaupum Ölgerðarinnar eykst sá slagkraftur án þess þó að breyta frumkvöðlahugsjón fyrirtækisins þar sem hagur neytenda og framsýni ræður ríkjum,“ segir Októ Einarsson stjórnarformaður í tilkynningu.

„Við höfum lent í ýmsu og það hefur ekki alltaf verið auðvelt að berjast á þeim fákeppnismarkaði sem ríkt hefur. Stuðningur Ölgerðarinnar styrkir okkur í þeirri baráttu sem fram undan er og hleypir nýjum krafti í okkur,“ segir Ólafur Magnússon, sem mun starfa áfram með Kú mjólkurbúi.

Fram undan er fjöldi nýjunga frá Kú mjólkurbúi sem kynntar verða á næstu mánuðum.

„Það eru spennandi tímar fram undan og ég hlakka til að sjá öflugri Kú takast á við þá ójöfnu samkeppni sem ríkt hefur. Neytendur verða sem fyrr í fyrsta sæti hjá Kú mjólkurbúi,“ segir Guðni Þór Sigurjónsson framkvæmdastjóri. **– bb**

# Íslenskir fjárfestar hafa augastað á Seachill

**Sami hópur og keypti dótturfélag Icelandic Group í Belgíu hefur áhuga á að festa kaup á dótturfélagi í Bretlandi. Kaupverðið gæti numið yfir tíu milljörðum króna. Smásölukeðjan Tesco þarf að leggja blessun sína yfir kaupin.**

**VIÐSKIPTI** Íslenskur fjárfestahópur sem festi nýlega kaup á dótturfélagi Icelandic Group í Belgíu hefur lagt fram kauptilboð í Seachill, dótturfélag Icelandic í Bretlandi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Stór erlend sjávarútvegsfyrirtæki sem og alþjóðlegir fjárfestingarsjóðir hafa einnig sýnt félaginu áhuga.

Stjórn Icelandic Group, sem er að fullu í eigu Framtakssjóðs Íslands, ákvað í apríl síðastliðnum að hefja söluferli á Seachill. Félagið, sem var stofnað árið 1998, er leiðandi framleiðandi kældra fiskafurða inn á breska smásölumarkaðinn, en tekjur þess námu um 266 milljónum punda, sem jafngildir um 33,4 milljörðum króna, í fyrra.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur íslenska fjárfestahópnum, sem samanstendur meðal annars af Akri fjárfestingum, fagfjárfestasjóði í rekstri Íslandssjóða, og sjávarútvegsfélögunum Sæmarki-sjávarafurðum og Fiskproducts Iceland, verið hleypt áfram í aðra umferð söluferlisins. Sami hópur keypti belgíska félagið Gadus af Icelandic fyrr á árinu, en við það tilefni sagði Herdís Dröfn Fjeldsted, stjórnarformaður Icelandic, að aðkoma Íslendinga í sjávarútvegi að Gadus væri mjög jákvætt skref og gæfi félaginu enn frekari tækifæri til að efla ímynd og verðmæti íslenskra sjávarafurða í Mið-Evrópu.

Fréttavefurinn Undercurrent News greindi frá því í síðustu viku að kanadíska félagið Cooke Aquaculture og breska félagið Young's Seafood hefðu einnig lagt fram óskuldbindandi tilboð í Seachill. Það sama ætti við um fjárfestingarsjóði í Evrópu og Bandaríkjunum. Ekki er talið að söluferlinu ljúki fyrr en síðar í sumar.

Í frétt Undercurrent News segir að kaupverðið á Gadus hafi numið allt að fjórutíu milljónum evra, eða 4,4 milljörðum króna, sem er um áttfaldur rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBIDTA). EBIDTA Seachill nam um 10,4 milljónum punda, sem jafngildir um 1,3 milljörðum króna, í fyrra þannig að ætla má að mögulegt kaupverð á félaginu geti numið yfir tíu milljörðum króna.




Smásölukeðjan Tesco, sem er sú stærsta í Bretlandi, er helsti viðskiptavinur Seachill, bresks dótturfélags Icelandic Group, og er sögð þurfa að leggja blessun sína yfir nýjan eiganda félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Síðasta stóra eining Icelandic Group

Seachill er síðasta stóra einingin sem eftir er í Icelandic Group. Tilkynnt var í apríl um sölu félagsins á Gadus í Belgíu til íslensks fjárfestahóps, en kaupin voru frágengin í lok síðasta mánaðar. Þá seldi Icelandic Group starfsemi sína í Bandaríkjunum til High Liner Foods árið 2011, auk þess sem Brim festi kaup á starfsemi Icelandic í Asíu árið 2015. Í fyrra seldi félagið enn fremur dótturfélag sitt á Spáni til Solo Seafood, sem er í eigu Nesfisks, Jakobs Valgeirs, FISK og Bjarna Ármannssonar. Eru sölurnar liður í þeirri stefnu Framtakssjóðsins að einfalda og endurskipuleggja rekstur Icelandic Group.



**Herdís Dröfn Fjeldsted, stjórnarformaður Icelandic Group**

Vöxtur Seachill frá stofnun hefur að miklu leyti byggst á nánu samstarfi við Tesco, stærstu smásölukeðju Bretlands, en félagið hefur lengi séð Tesco fyrir fjölbreyttu úrvali sjávarafurða. Í frétt Undercurrent News er fullyrt að Tesco verði að leggja blessun sína yfir kaupin á Seachill áður en þau geti orðið að veruleika. Finna megi ákvæði í langtímasamningi Tesco og Seachill þess efnis að Tesco geti sagt samningnum upp ef keðjunni líst illa á nýjan eiganda.

Seachill á einnig fiskréttaframleiðandann The Saucy Fish Co sem notið hefur mikilla vinsælda í Bretlandi á síðustu árum. Starfsmenn Seachill eru um 750 talsins og eru höfuðstöðvar félagsins í Grimsby.

Söluferlið er í höndum Íslandsbanka og Oghma Partners.

**kristinningi@frettabladid.is**








Opinn kynningarfundur

**NIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS OG UMHVERFISVÖKTUNAR FYRIR FJARÐARÁL, REYÐARFIRÐI**

Umhverfisstofnun boðar til opins kynningarfundar um niðurstöður eftirlits og umhverfisvöktunar fyrir Fjarðaál, Reyðarfirði, **miðvikudaginn 14. júní** í Þórðarbúð v. Austurveg á Reyðarfirði, klukkan 17:00.

Í starfsleyfum tiltekinna stærri fyrirtækja er kveðið á um að boða skuli til opins kynningarfundar um umhverfisvöktun og losun af völdum starfseminnar. Allir velkomnir

**DAGSKRÁ FUNDARINS**

**ÁHERSLUR OG FYRIRKOMULAG Í EFTIRLITI**
G. Stella Árnadóttir frá Umhverfisstofnun

**NIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS OG MÆLINGA Á LOSUN ÁLVERSINS**
Einar Halldórsson frá Umhverfisstofnun

**NIÐURSTÖÐUR UMHVERFISVÖKTUNARINNAR**
Erlín Jóhannsdóttir frá Náttúrustofu Austurlands

**ERINDI**
Magnús Ásmundsson frá Fjarðaáli

**UMRÆÐUR AÐ LOKNUM FRAMSÖGUM**

*Nánari upplýsingar og birting vöktunarskýrslna á umhverfisstofnun.is*

UMHVERFIS STOFNUN




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Ráðherra vill atvinnulausa í sjálfboðavinnu

**DANMÖRK** Félagsmálaráðherra Danmerkur, Mai Mercado, vill efla sjálfboðaliðastarfsemi, einkum meðal atvinnulausra og þeirra sem eru á jaðri samfélagsins. Undanfarin fimm ár hefur sjálfboðaliðum meðal þeirra sem fá fjárhagslegan stuðning og þeirra sem hafa farið snemma á eftirlaun fjölgað úr 26 prósentum í 30 prósent á móti 41 prósenti meðal annarra íbúa.

Ráðherrann segir mikilvægt að einstaklingum finnist þeir vera hluti af samfélaginu. Sjálfboðaliðastörf geti auk þess opnað dyrnar að launaðri vinnu. **– ibs**

## Styrkja skóla í Afganistan

**SAMFÉLAG** Creditinfo styður enn á ný við rekstur grunnskóla fyrir fátæk börn í Nangarhar í Afganistan.

Fyrirtækið hefur síðustu árin lagt sitt af mörkum fyrir skólann og stendur fyrir um 80 prósentum af rekstrarkostnaði hans. Um 460 nemendur eru í skólanum.

Um 33.500 manns búa í þorpinu, flestir fátækir bændur sem hafa ekki efni á að senda börn sín í skóla.

Þeir sem hafa ráð á því að senda einhver barna sinna í skóla senda oft stráka frekar en stúlkur og því er lestrarkunnátta kvenna verri en karla á svæðinu. **– sg**

# Yfir þúsund mótmælendur handteknir á þjóðhátíðardegi

**„Pútín, þjófur!“ og „Rússland mun verða frjálst á ný!“ voru meðal slagorða sem mótmælendur kölluðu á götum Rússlands í gær. Mótmælin fóru fram í leyfisleysi og réðust óeirðalögreglumenn gegn mótmælendum. Forsprakki mótmælanna komst aldrei á þau en hann var hnepptur í varðhald á heimili sínu fyrir þau.**

**RÚSSLAND** Áætlað er að rúmlega þúsund mótmælendur hafi verið handteknir í Moskvu og St. Pétursborg á þjóðhátíðardegi Rússlands í gær. Fólkið hafði komið saman til að mótmæla stjórnvöldum.

Þúsundir manna komu saman á götum borganna tveggja og eru þá ótaldir aðrir mótmælendur í öðrum borgum. Rúmlega 5.000 mótmæltu í Moskvu og á fjórða þúsund í St. Pétursborg. Um 500 manns voru handteknir á hvorum fundi fyrir sig samkvæmt tölum frá lögreglu. Tölur lögreglunnar stemma ekki við tölur óháðra aðila.

„Óeirðalögreglumenn ganga hér inn í hópinn og handtaka mótmælendur, að því er virðist af handahófi,“ sagði Sarah Rainsford, fréttaritari BBC, í útsendingu fréttastofunnar.

Forsprakki mótmælanna, og einn helsti andstæðingur Vladimírs Pútín Rússlandsforseta, Alexei Navalny, komst aldrei á staðinn. Lögreglumenn meinuðu honum útgöngu af heimili sínu skömmu áður en mótmælin hófust. Navalny, sem er staðráðinn í að bjóða sig fram sem forseti á næsta ári, notar netið og samfélagsmiðla til að ná til fólks. Hann hafði kallað eftir því að fólk færi út á götur



Sjónarvottar lýstu því hvernig fólk var fjarlægt af handahófi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

og mótmælti spillingu í stjórnkerfinu.

„Ég vil breytingar. Ég vil lifa í nútíma lýðræðisríki. Ég vil að skattarnir okkar verði að vegum, skólum og sjúkrahúsum en ekki lystisnekkjum, lúxusvillum og vínekrum útvaldra,“ sagði Navalny í einu slíku myndbandi sem birtist í mars.

Að sögn sjónarvotta voru mótmælin óvenjuleg. Fyrir á svæðinu var fjölskyldufólk samankomið til að fagna þjóðhátíðardeginum. Skyndilega voru mótmælendur mættir á svæðið. Fast á hæla þeim fylgdu lögreglumenn gráir fyrir járnum.

Mótmælafundurinn hafði ekki fengið grænt ljós frá stjórnvöldum og voru gestir fundarins meðvitaðir um að þeir gætu endað hann í járnum.

> **Ég vil að skattarnir okkar verði að vegum, skólum og sjúkrahúsum en ekki lystisnekkjum, lúxusvillum og vínekrum útvaldra.**
>
> Alexei Navalny, stjórnarandstæðingur



Þeim virtist standa á sama og vildu láta rödd sína heyrast. Hróp og köll á borð við „Pútín, þjófur!“ og „Rússland mun verða frjálst á ný!“ ómuðu um strætin áður en mótmælin voru stöðvuð.

Stjórnvöld höfðu veitt leyfi til að halda fundi í 169 borgum víða um land. Navalny hafði sjálfur sótt um leyfi og fengið en ekki líkað staðsetningin sem honum var boðið upp á. Hann færði því fundinn einhliða með áðurgreindum afleiðingum. Seint í gær var Navalny dæmdur í þrjátíu daga stofufangelsi fyrir að brjóta ítrekað gegn reglum um fundahald. **johannoli@frettabladid.is**


**IN THE MATTER OF FRIENDS LIFE LIMITED -and-**
**IN THE MATTER OF FRIENDS LIFE AND PENSIONS LIMITED -and-**
**IN THE MATTER OF AVIVA INVESTORS PENSIONS LIMITED -and-**
**IN THE MATTER OF AVIVA LIFE & PENSIONS UK LIMITED -and-**
**IN THE MATTER OF AVIVA PENSION TRUSTEES UK LIMITED -and-**
**IN THE MATTER OF THE FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000**

NOTICE IS HEREBY GIVEN that, on 27 April 2017, an application was presented to Her Majesty's High Court of Justice by Friends Life Limited (formerly known as Precis (1941) Limited and Friends Provident Life and Pensions Limited) ("**FLL**"), Friends Life and Pensions Limited (formerly known as London and Manchester (Pensions) Limited, Friends Provident Corporate Pensions Limited and Friends Provident Pensions Limited) ("**FLP**"), Aviva Investors Pensions Limited (formerly known as Norwich Union Pensions Management Limited and Morley Pooled Pensions Limited) ("**AIPL**"), Aviva Life & Pensions UK Limited (formerly known as Norwich Union Life & Pensions Limited) ("**UKLAP**") and Aviva Pension Trustees UK Limited (formerly known as Norwich Union Pension Trustees Limited) ("**UKPTL**") for an order under Sections 111 and 112(1)(d) of the Financial Services and Markets Act 2000 (the "**Act**") sanctioning a scheme (the "**Scheme**") for the transfer of: (i) the long term insurance businesses of FLL and FLP, including all of their policies, assets and liabilities (other than those to be transferred to UKPTL) to UKLAP, (ii) the in-force annuity business of AIPL, to UKLAP; and (iii) all of FLP's assets and liabilities arising in connection with the carrying out of its function as the scheme administrator and scheme operator in relation to the Flexible Retirement Account provided by it to UKPTL.

Parallel schemes are being effected in Jersey and Guernsey to transfer policies relating to those jurisdictions or otherwise to comply with local law.

Copies of the full Scheme document, the full report prepared in accordance with Section 109 of the Act on the terms of the Scheme by Mr David King (an Independent Expert, whose appointment was approved by the Prudential Regulation Authority, following consultation with the Financial Conduct Authority) and letters sent to interested parties enclosing policyholder booklets containing a summary of the Independent Expert's Report and a summary of the Scheme may be obtained, together with other relevant information, by any person free of charge by contacting FLL, FLP, AIPL, UKLAP or UKPTL as set out below or by visiting www.friendslife.co.uk/transfer2017 or www.aviva.co.uk/transfer2017, until the making of an order sanctioning the Scheme.

The application is directed to be heard before a Judge of the Companies Court at the Rolls Building, 7 Rolls Buildings, Fetter Lane, London, EC4A 1NL, on 13 September 2017. If approved, the transfer will become effective at 00.01a.m. (London time) on 1 October 2017. Any person, including an employee of FLL, FLP, AIPL, UKLAP or UKPTL, who alleges that they may be adversely affected is requested (but not obliged) to provide reasons why they consider they may be adversely affected and, if appropriate, notice of their intention to appear at the hearing, to the designated PO Box address below which has been created for the purpose of the Scheme, or by calling the telephone number below, not less than five working days before the hearing. Any person, who alleges that they may be adversely affected by the carrying out of the Scheme may appear at the hearing in person or by counsel or solicitor advocate.

**FLL/FLP contact details:**
Address:
**Friends Life**,
PO Box 3634,
Surrey Street,
Norwich, NR1 3EF,
United Kingdom
Telephone:
UK: 01603 605 555
International:
+44 (0) 1603 605 555
Website:
www.friendslife.co.uk/transfer2017

**AIPL/UKLAP/UKPTL contact details:**
Address:
**Aviva**,
PO Box 3637,
Norwich,
NR1 3DL,
United Kingdom
Telephone:
UK: 01603 605 555
International:
+44 (0) 1603 605555
Website:
www.aviva.co.uk/transfer2017

If you are a policyholder of FRIENDS LIFE LIMITED or FRIENDS LIFE AND PENSIONS LIMITED or AVIVA LIFE & PENSIONS UK LIMITED (previously known as PROVIDENT MUTUAL, COMMERCIAL UNION, NORWICH UNION or GENERAL ACCIDENT) or AVIVA INVESTORS PENSIONS LIMITED and have lost touch with us, for example through a change of address, please get in contact using the details above.




Ricardo Rossello fagnaði innilega þegar úrslitin lágu fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Vilja verða 51. stjarnan á þjóðfána Bandaríkjanna

**PÚERTÓ RÍKÓ** Íbúar Púertó Ríkó samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu um helgina að falast eftir því að verða 51. ríki Bandaríkjanna. Leiðin þangað er hins vegar ekki auðveld en bandaríska þingið þarf að samþykkja tillögu þess efnis.

Efnahagsástandið á eyjunni hefur verið ömurlegt að undanförnu. Skuldir eyjaskeggja eru um 70 milljarðar dollara, andvirði um sjö billjóna íslenskra króna, og tæplega annar hver íbúi er undir fátæktarmörkum. Sökum þessa er starfsemi skóla og sjúkrahúsa ekki líkt og best verður á kosið. Af þeim sökum er talið ólíklegt að bandaríska þingið muni taka vel í að innlima Púerto Ríkó í landið.

Af þeim sem greiddu atkvæði á sunnudag vildu 97 prósent verða ríki innan Bandaríkjanna. Kosningaþátttaka var hins vegar dræm en aðeins tæpur fjórðungur sá sér fært að mæta á kjörstað. Þetta er í fimmta sinn frá árinu 1967 sem slík atkvæðagreiðsla fer fram.

„Frá og með deginum í dag getur alríkisstjórnin ekki haldið áfram að hunsa raddir meirihluta amerískra íbúa Púertó Ríkó,“ segir í yfirlýsingu frá Ricardo Rossello, landstjóra Puertó Ríkó. „Það væri mikil hræsni ef Washington, sem kallar ítrekað eftir því að önnur ríki heimsins virði lýðræði, hlustaði ekki á vilja bandaríska sambandssvæðisins Púertó Ríkó.“

> **Það væri mikil hræsni ef Washington, sem kallar ítrekað eftir því að önnur ríki heimsins virði lýðræði, hlustaði ekki á vilja bandaríska sambandssvæðisins Púertó Ríkó.**
>
> Ricardo Rossello, landstjóri Púertó Ríkó

Sú staðreynd að Karíbahafseyjan er sambandssvæði en ekki ríki er talin stór þáttur í slæmu efnahagsástandi landsins ásamt óábyrgri efnahagsstjórn. **– jóe**

CITROËN




# FRUMSÝNING

## NÝR CITROËN C3

**Yfir 25 alþjóðleg verðlaun**
**7″ snertiskjár með Mirror Link GSM tengingu**
**Hlífðarklæðning á hliðum**

C3 LIVE BEINSKIPTUR FRÁ
**1.970.000 KR.**
C3 FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ 2.520.000 KR.

Vindar breytinga blása nú um fjölbreytta bílalínu Citroën. Við kynnum nýjan Citroën C3, einstakan í útliti með stóru 300 lítra skotti og fáanlegur með hinni bráðsnjöllu Airbump hliðarklæðningu sem verndar fyrir hurðarskellum. Citroën C3 er hljóðlátur, búinn nýjustu kynslóð sparneytinna véla og er fáanlegur með nýrri 6 þrepa undurþýðri sjálfskiptingu sem gerir hann frábærlega skemmtilegan og mjúkan í akstri. Apple Car Play og Mirror Link tæknin, sem er fáanleg í SHINE útfærsluna, gerir þér kleift að spegla helstu forrit farsímans eins og t.d Google Maps á 7″ snertiskjáinn. Komdu. Sýndu þig í Citroën.

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# 25 grömm



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Þegar við borðum sykur losar heilinn boðefnið dópamín sem lætur okkur líða vel. Ástæða þess að okkar tegund elskar sætindi er sú að forfeður mannsins lærðu að ef þeir fundu ber eða hunang urðu þeir að borða þau hratt. Þróunarfræðilegar ástæður rótfestu ástarsamband mannsins og sykurs.

Margir áratugir eru síðan læknar fóru að líkja sykri við fíkniefni. „Margir læknar og matarráðgjafar gera sér ljóst að sykur hagar sér klínískt á svipaðan hátt og fíknilyf. Neysla sykurs skapar þörf fyrir meiri sykur og margir sjúklingar fá vanlíðan þegar sykurneysla er stöðvuð um hríð,“ segir í grein Ársæls Jónssonar læknis, Um mataræði og menningarsjúkdóma, sem birtist í Læknablaðinu 1974.

Besta leiðin til að halda í fitu og bæta á sig meiru fitu er að borða viðbættan sykur. Of mikil neysla viðbætts sykurs er ein helsta orsök offitufaraldursins á Vesturlöndum. Meðal annars af þessari ástæðu fór Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin í endurskoðun á næringarviðmiðum fyrir viðbættan sykur. Frá árinu 2015 hefur stofnunin mælt með að fullorðnir og börn fái alls ekki meira en 10 prósent af heildarkaloríuinntöku sinni úr viðbættum sykri. Æskilegt sé þó að miða við 5 prósent. Fyrir fullorðinn karlmann er það um 25 grömm af sykri á dag. Það jafngildir sex Oreo-kexkökum. Ein lítil kók í gleri (250 ml) fer yfir hámarkið en í henni eru 26,5 grömm af sykri.

Mörg dæmi frá útlöndum sýna að sykurskattar virka sem tæki til að draga úr sykurneyslu. Bæði Norðmenn og Finnar hafa sérstaka sykurskatta og Bretar frá og með næsta ári. Niðurstöður íslenskrar rannsóknar sem birtar voru í byrjun þessa árs leiddu í ljós að fyrir hvert prósentustig sem verð á gosi hækkaði um minnkaði eftirspurnin um sama hlutfall. Í nýrri meistararitgerð í lýðheilsufræði við læknadeild HÍ er komist að þeirri niðurstöðu að skoða þurfi á ný skattlagningu gosdrykkja og sykraðrar matvöru hér á landi í þágu lýðheilsu.

**Sú ríkisstjórn sem nú er við völd hefur ekki áhuga á að nota skatta til að draga úr sykurneyslu. Hins vegar er hægt að beita öðrum aðferðum til að reyna að ná sama markmiði.**

Það hvernig draga eigi úr sykurneyslu er pólitísk spurning. Það er í eðli sínu stjórnlynt viðhorf að skattleggja mat sem er óhollur í þeim tilgangi að draga úr neyslu á honum. Stjórnlynd viðhorf eiga sér hins vegar margar birtingarmyndir í samfélaginu. Við bönnum tiltekinn hóp vímuefna og gerum dreifingu og sölu þeirra refsiverða. Við skattleggjum vímuefnið áfengi mun harðar en aðrar þjóðir. Ástæður þess eru nokkurs konar blanda af stjórnlyndi og tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Sú ríkisstjórn sem nú er við völd hefur ekki áhuga á að nota skatta til að draga úr sykurneyslu. Hins vegar er hægt að beita öðrum aðferðum til að reyna að ná sama markmiði. Til dæmis markvissri fræðslu. Það er mikilvægara fyrir þær kynslóðir barna sem nú eru í grunnskólum að tileinka sér fjármálalæsi og næringarfræði en að geta nefnt alla firði landsins eða geta skilið dönsku. Því til þess að geta átt gott líf er mikilvægt að börn skilji mikilvægi þess að vera með jákvætt eigið fé og hvernig eigi að stuðla að líkamlegri heilsu með ábyrgu fæðuvali.

## Halldór







## Frá degi til dags

**Öryggið**

Sigríður Andersen dómsmálaráðherra segist treysta mati ríkislögreglustjóra um aukinn viðbúnað þegar margmenni kemur saman hér á landi. Miklar deilur hafa skapast vegna vopnaðra sérsveitarmanna sem stóðu vörð í miðbænum um helgina. Það er nauðsynlegt að dómsmálaráðherra hafi traust á ríkislögreglustjóra. Hið sama traust á mati stjórans var þó ekki uppi þegar ríkisfjármálaáætlun var afgreidd við þinglok. Í athugasemdum ríkislögreglustjóra við frumvarpið er fullyrt að lögreglumenn séu of fáir til að geta sinn öryggishlutverki sínu. Fjármálaáætlun geri ekki ráð fyrir fjármagni sem geti bætt úr því. Ætli rekstrarmenn ráðuneytisins hafi komist að því að hver byssa kosti minna en stöðugildið?

**Ógnin**

Það hefur verið sérstakt að fylgjast með hvernig byssumálið skiptist eftir flokkspólitískum línum. Hægra megin virðist fólk ánægt með frumkvæði Ríkislögreglustjóra en vinstra megin heyrist fólk finna til óöryggis í návist skotvopnanna. Sumum virðist finnast það ófrávíkjanleg regla að lögregla eigi aldrei að bera vopn á Íslandi. Aðrir virðast álíta að einhvern tímann gæti komið upp sú ógn að vopnaburður þyki nauðsynlegur, en sá tími sé ekki kominn. Því er þó ósvarað hver sé best til þess fallinn að meta hvenær sá tími sé kominn, ef ekki Ríkislögreglustjóri. snaeros@frettabladid.is

# Afhjúpandi áætlun



Oddný G. Harðardóttir
formaður þingflokks Samfylkingarinnar

Aðfaranótt 1. júní var fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára samþykkt með einu atkvæði, 32-31. Áætlunin hefur fengið furðu litla athygli miðað við hversu áhrif hennar verða mikil fyrir íslenskt samfélag ef hún nær fram að ganga. Sérstaklega þarf að hafa áhyggjur af heilbrigðismálum, menntamálum, málefnum öryrkja og fatlaðs fólks, húsnæðis- og fjölskyldumálum ásamt samgöngum og löggæslu. Þetta eru einmitt málin sem rætt var mikið um í kosningabaráttunni og allir flokkar gáfu loforð um að ráða framar. En auk þessa eru helstu jöfnunartækin veikt; barnabætur og húsnæðisbætur og áætlunin mun leiða til aukins ójafnaðar. Þetta gengur allt gegn stefnu jafnaðarmanna. Þess vegna lagði Samfylkingin fram breytingartillögur við fyrrgreind málasvið áætlunarinnar svo og við þróunarsamvinnu.

Við gerðum einnig tillögur á tekjuhliðinni um réttlátara skattkerfi, sem spornar gegn auðsöfnun á fárra hendur og gefur sanngjarnari tekjur af auðlindum þjóðarinnar. Tillögur okkar eru raunhæfar og hefðu stuðlað að auknum jöfnuði, uppbyggingu innviða og betra velferðarkerfi ef þær hefðu verið samþykktar. En þær voru felldar af hægristjórninni eins og við var að búast, enda hafa þau þegar svikið nær allt sem þau lofuðu fyrir kosningar.

**Ekki er að vænta endurreisnar heilbrigðiskerfisins í valdatíð núverandi ríkisstjórnar.**

Ríkisfjármálin hafa stýrandi áhrif á velferð landsmanna. Ekki er að vænta endurreisnar heilbrigðiskerfisins í valdatíð núverandi ríkisstjórnar þó um 90 þúsund manns hafi krafist þess með undirskriftum. Jafnrétti til náms á einnig undir högg að sækja vegna sveltistefnu bæði á framhaldsskóla- og háskólastiginu. Það sama á við um umferðaröryggi á holóttum og þröngum vegum. Stefnuleysi og skortur á uppbyggingu hjúkrunarheimila hefur ekki aðeins slæm áhrif á fólkið sem þarf á þjónustunni að halda, heldur einnig á daglegt líf þeirra sem hlúa að öldruðum fjölskyldumeðlimum sem bíða mánuðum saman eftir plássi á hjúkrunarheimilum.

Fjármálaáætlunin ríkisstjórnarinnar varðar alla landsmenn og afhjúpar stjórnarflokkana þrjá, betur en nokkuð annað, sem hægriflokka undir sterkum áhrifum nýfrjálshyggju.

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Undarlegir atburðir við þinglok



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
alþingismaður



Þegar mál eru „keyrð í gegn“ á lokaspretti þingstarfa er allt of algengt að það leiði til ýmiss konar mistaka við lagasetningu. Stundum eru það „tæknileg mistök“ sem þarf þá að laga síðar, jafnvel eftir ábendingar dómstóla. En stundum eru afgreidd mál sem eru óskynsamleg og líkleg til að vinna gegn markmiðunum sem þeim er ætlað að ná. Hættan er sérstaklega mikil þegar um er að ræða mál sem þingmenn kunna hvorki við að gagnrýna né greiða atkvæði gegn.

Við síðustu þinglok urðu svo þau merku tíðindi að ríkisstjórnin fór fram á að mál yrði samþykkt um leið og hún viðurkenndi að það væri ekki tilbúið. Þingmönnum var sagt að samþykkja hið ókláraða mál en að því búnu yrði viðeigandi ráðuneyti falið að leysa úr því sem út af stæði.

Málið sem um ræðir var frumvarp félagsmálaráðherra um svokallaða jafnlaunavottun. Vitanlega greiddi meirihluti þingmanna atkvæði með málinu því ekki vilja menn hætta á að vera sagðir andsnúnir auknu jafnrétti, óháð því hvort málið stuðlar raunverulega að auknu jafnrétti eða ekki. Það sama á stundum við um frumvörp og fréttir, það er fyrirsögnin sem gildir.

**Eina málið**

Frumvarpið átti að vera helsta skrautfjöður Viðreisnar, flokks sem átt hefur heldur erfitt uppdráttar eftir að hann gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórn og gaf um leið eftir öll málin sem skömmu áður höfðu verið tíunduð sem ástæður þess að flokkurinn þyrfti að kljúfa sig frá Sjálfstæðisflokknum.

Þótt illa gengi með málið var því ekki um annað að ræða, að mati Viðreisnar, en að klára það á einn eða annan hátt. Á sama tíma þurfti Sjálfstæðisflokkurinn aðstoð við að staðfesta skipan Landsréttar. Mestu prinsippmenn þar á bæ voru því fóðraðir á krít og sagt að styðja vottunarmál Viðreisnar eða hafa verra af (kosningar). Þetta var þó ástæðulaus harka í garð gömlu góðu íhaldsmannanna því atkvæði þeirra reyndust óþörf við að koma frumvarpinu í gegn. Ljóst var orðið að vinstri-kerfisflokkarnir myndu stökkva á málið enda gátu þeir ekki verið þekktir fyrir að vera á móti máli sem héti svo góðu nafni.

Á tímum ímyndarstjórnmála skipta nöfn miklu meira máli en innihaldið og þegar tekst að setja eitt orð saman úr orðunum *jafn, laun og vottun* þurfa nútíma vinstrimenn ekki að heyra meira áður en þeir segja BINGÓ!

**Innihald frumvarpsins**

Ýmsir sem láta jafnréttismál sig miklu varða höfðu bent á galla við frumvarpið og að það væri ekki endilega til þess fallið að ná þeim árangri sem að væri stefnt. Þeir sem sjá um jafnlaunastaðalinn sem styðjast átti við bentu á að hann væri hannaður sem valfrjálst verkfæri en ekki sem kvöð.

Greinargerð með frumvarpinu er mögnuð lesning og virðist lýsa þrám stjórnlyndra kerfiskarla fremur en vonum frjálslyndra jafnréttissinna. Það er þó utan við meginefni þessarar greinar sem snýst um þá furðulegu atburði sem gerðust eftir að Viðreisnarfólk ákvað að málið yrði að fara í gegn á fyrsta þingi ríkisstjórnarinnar, sama hvernig það liti út.

Þó þarf að fylgja sögunni að eftirlitsaðferðin sem til stendur að beita er bæði dýr og íþyngjandi fyrir fyrirtæki án þess að það sé ljóst að hún skili tilætluðum árangri. Sérstakir eftirlitsmenn leika þar stórt hlutverk. „Faggiltir vottunaraðilar“ heita þeir á kerfismáli en þeir munu hafa eftirlit með því að öll skilyrði staðalsins „ÍST 85:2012“ séu uppfyllt. Þegar faggilti vottunaraðilinn mætir á vettvang getur hann krafist hinna ýmsu upplýsinga til að kanna m.a. hvort fyrirtæki séu að meta verðmæti vinnu starfsmanna rétt miðað við staðalinn.

> **Hið nýja ákvæði um birtingu staðalsins var fjarlægt úr frumvarpinu. Niðurstaðan varð því sú að þingið samþykkti lög þar sem leynd hvílir yfir því hvað felst í lögunum og óljóst er hvað þau koma til með að kosta.**

**Breytingartillögur á elleftu stundu**

Í tilraun til að keyra málið í gegn á lokasprettinum lagði meirihlutinn til breytingar á frumvarpinu tveimur dögum fyrir þinglok. Lögð var til frestun á gildistöku gagnvart fyrirtækjum (sígild leið þegar menn lenda í vandræðum með frumvörp) en í millitíðinni skyldi lögunum beitt á Alþingi, ráðuneyti og stofnanir.

Einnig var bætt inn ákvæði um að birta mætti staðalinn sem allt snerist um opinberlega. Það gerðist eftir að einhverjir fóru að hengja sig í smáatriði á borð við eftirfarandi spurningu: Ef við ætlum að skylda fólk til að vinna eftir sérstökum staðli, eða eiga ella á hættu innrás eftirlitsmanna og refsingar, ættum við þá ekki að leyfa fólkinu að vita hvað felst í staðlinum sem það á að uppfylla? Ef til vill voru einhverjir þingmenn líka forvitnir um hvað fælist í staðlinum sem þeir áttu að lögfesta.

Hugsa sér að á árinu 2017 séu menn enn að lenda í því að afskiptasamir þingmenn krefjist þess að fólk sé upplýst um hvað felist í lögunum sem því er ætlað að fylgja.

**Lokadagurinn**

Þegar stóð svo til að klára málið með breyttum tímasetningum og að viðbættri heimild til að upplýsa borgarana um hvaða reglum þeir yrðu dæmdir eftir kom babb í bátinn:

Staðlaráð Íslands, sem heldur utan um jafnlaunavottunarstaðalinn – ÍST 85:2012 sem til stóð að lögfesta, upplýsti löggjafann um að staðallinn væri höfundarréttarvarinn og óheimilt að birta hann eða nota í leyfisleysi.

Ráðherrann sagði þá Staðlaráði að það væri opinber stofnun og sem slík ætti hún ekki staðalinn né réði hvernig með hann væri farið. Staðlaráð var hins vegar ekki reiðubúið að votta skoðun ráðherrans. Ráðið væri alls ekki opinber stofnun og ætti því víst staðlaðan einkarétt. Deilur milli Staðlaráðs, ráðherra, ráðuneytis og lögmanna héldu áfram án þess að þær leiddu til niðurstöðu um hvort Staðlaráð væri stofnun eða hvort það hefði fundið upp staðalinn eða ætti hann eða hvort ríkið hefði heimild til að upplýsa almenning um hvað til stæði að leiða í lög.

Kaldhæðni málsins var sú að þingmenn Pírata voru duglegastir að minna á að staðallinn kynni að vera höfundarréttarvarinn. Þó er óviðeigandi að grínast með aðkomu Pírata að málinu því þeir stóðu sig öðrum betur við að draga fram helstu staðreyndir þess, ekki hvað síst varðandi hagsmuni ríkisins og gagnsæi í lagasetningu.

**„Reddingin“**

Nú voru góð ráð dýr, reyndar mjög dýr og enn er ekki vitað hversu dýr þau verða því niðurstaðan varð sú að samþykkja lög um jafnlaunavottun þar sem velferðarráðuneytinu var falið að semja við Staðlaráð um heimild til að nota staðalinn. Það er sem sagt búið að festa í lög að notast skuli við tiltekinn staðal áður en ríkið semur um hvað það eigi að greiða fyrir staðalinn. Ríkið hefur líklega sjaldan gengið til samninga með eins laka samningsstöðu. Það hlýtur líka að vera einsdæmi að ríkið setji lög sem rústa eigin samningsstöðu ... og þó, ég man eftir öðru dæmi.

Hið nýja ákvæði um birtingu staðalsins var fjarlægt úr frumvarpinu. Niðurstaðan varð því sú að þingið samþykkti lög þar sem leynd hvílir yfir því hvað felst í lögunum og óljóst er hvað þau koma til með að kosta.

Þá er ekki allt upp talið því staðlar eins og jafnlaunastaðallinn taka breytingum eftir aðstæðum. Það verður því ekki annað séð en að með lögfestingu tiltekins staðals sé Alþingi að gera tilraun til að fela þeim sem munu þróa staðalinn löggjafarvald.

**Kerfið fékk sitt**

Þetta er það sem gerist þegar ímyndarstjórnmál og kerfisræði koma saman. Viðreisn taldi sig þurfa að fá alla vega eina fjöður í hattinn þótt það ætti eftir að semja um hvað hún kostaði. Aðrir kunnu svo ekki við að vera á móti máli með góðan tilgang.

Kerfinu var því falið að semja frumvarpið, semja um notkun, leyfi og greiðslur og framfylgja svo málinu eftir eigin uppskrift. Hjá fulltrúum kerfisins virðist afstaðan skýr, a.m.k. hjá sumum. Embættismaður sem vann að frumvarpinu sá t.d. ástæðu til að birta á Facebook nöfn þeirra sem brutu gegn kerfisræðinu með því að leyfa sér að sitja hjá eða greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Meirihluti þingmanna slapp þó við þá „skömm“ með því að styðja málið þótt margir hafi nefnt að þeir gerðu það þrátt fyrir mikla galla vegna þess að það væri skref í rétta átt. En er það skref í rétta átt þegar unnið er að góðum málstað með skaðlegri aðferð? Ef það eitt að markmiðið sé gott á að nægja til að þingmenn samþykki mál, óháð aðferðinni, er voðinn vís. Allar öfgar og kreddur eru réttlættar með tilvísun í góðan málstað. Framfarir byggjast hins vegar á því að unnið sé að góðum málstað með góðum aðferðum.

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI



www.bilaland.is


Rnr. 121267
HYUNDAI Santa Fe III Premium.
Nýskr. 10/15, ekinn 47 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 6.390 þús. kr.


Rnr. 370637
NISSAN Qashqai Tekna.
Nýskr. 06/16, ekinn 25 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ 4.190 þús. kr.


Rnr. 152816
VW Passat Alltrack.
Nýskr. 01/16, ekinn 42 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 5.490 þús. kr.


Rnr. 390073
NISSAN Leaf Tekna 30 kwh.
Nýskr. 08/16, ekinn 11 þ.km, rafmagn, sjálfskiptur.
VERÐ 3.590 þús. kr.


Rnr. 152800
FORD Ka.
Nýskr. 08/16, ekinn 5 þ.km, bensín, beinskiptur.
VERÐ 1.490 þús. kr.


Rnr. 144127
TOYOTA Yaris SOL.
Nýskr. 02/16, ekinn 6 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ 2.190 þús. kr.

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM82596



Freyr Alexandersson hafði vökult auga með íslensku landsliðskonunum á æfingu liðsins á Laugardalsvellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vilja að hún bíti aðeins í grasið

**Það verður sambastemning í Laugardalnum í kvöld er íslenska kvennalandsliðið spilar við Brasilíu. Með liði Brasilíu spilar ein besta knattspyrnukona allra tíma, Marta. Hún mun ekki fá neitt ókeypis í kvöld.**

**FÓTBOLTI** „Nálgunin að þetta sé skemmtilegt og krefjandi er nákvæmlega það sem ég vil heyra í kringum þennan leik,“ segir Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari en Ísland spilar vináttulandsleik við Brasilíu á Laugardalsvelli í kvöld.

Þetta verður í fyrsta sinn sem landslið frá Brasilíu spilar á Íslandi og þetta er líka síðasti leikur íslenska liðsins fyrir EM. Það er því mikið undir hjá þeim stúlkum sem þurfa að sanna sig.

### Eitt af bestu liðum heims

„Þetta er frábær prófraun fyrir okkur og góður vettvangur fyrir okkur til að sjá hvar við stöndum gegn þeim bestu. Þetta lið er svo sannarlega með þeim fremstu í heiminum,“ segir þjálfarinn sem óttast ekki að þetta skemmtilega verkefni verði að martröð á endanum.

„Ég geri það ekki. Við erum með okkar einkenni og leikstíl. Við þurfum að halda í það og spila okkar leik af krafti. Verðum líka að vera með „attitjúd“ og láta vita af okkur. Þá veit ég að við munum halda aftur af þeim. Við þurfum líka að sýna hugrekki og vilja til þess að taka þær á okkur á móti því það er skap í þeim. Þá munu þær refsa okkur enda hafa þær meiri einstaklingsgæði en við. Við þurfum að vera einbeittar allan tímann og til í að taka þennan slag,“ segir Freyr mjög ákveðinn.

### Enginn vináttuleikur

Freyr segir að það komi ekki til greina að láta brasilísku stúlkurnar bara hafa það huggulegt. Þær séu ekki bara í dekri og náttúruskoðun á Íslandi heldur þurfi þær að mæta alvöru liði.

„Þetta er enginn vináttuleikur hjá okkur. Við erum mætt til þess að spila okkar leik og hann er fastur. Brassarnir þola það illa. Ef við gerum það aftur á móti ekki vel þá taka þær á okkur á móti því það er skap í þeim. Þá munu þær refsa okkur enda hafa þær meiri einstaklingsgæði en við. Við þurfum að vera einbeittar allan tímann og til í að taka þennan slag,“ segir Freyr mjög ákveðinn.

### Marta er frábær karakter

Í leik kvöldsins á Laugardalsvelli fá áhorfendur að sjá eina bestu knattspyrnukonu allra tíma, Mörtu. Marta hefur fimm sinnum verið valin besta knattspyrnukona heims og er enn í allra fremstu röð.

Sara Björk Gunnarsdóttir þekkir vel til Mörtu eftir að hafa spilað með henni hjá sænska liðinu Rosengård þar sem þær urðu meistarar saman.

„Þetta er frábær karakter. Liðsspilari og frábær fótboltakona,“ segir Sara Björk er hún var beðin um að lýsa Mörtu. Hún segir Mörtu ekki líta stórt á sig né vera með einhverja stjörnustæla.

„Hún er mikið á jörðinni miðað við peninga og verðlaunapeningana sem hún hefur unnið sér inn.“



### Vill sjá góða frammistöðu

Ísland verður án Dagnýjar Brynjarsdóttur í leiknum en hún hélt aftur til Bandaríkjanna þar sem hún á að spila með félagsliði sínu um næstu helgi.

„Ég átti ekki von á því að geta spilað með henni og er því ekkert svekktur. Ég er aftur á móti afar ánægður með stöðuna á henni. Hún er komin lengra heldur en ég átti von á. Allt lítur út fyrir að hún verði í toppstandi í júlí og við þurfum á því að halda,“ segir þjálfarinn, en hvað vill hann fá út úr þessum leik? „Fyrst og fremst vil ég að frammistaðan verði góð. Ef hún er góð og við töpum út af snilld Brassanna þá er það allt í góðu. Frammistaða og sigur myndi gefa okkur gríðarlega mikið og ekki síst sterkt sjálfstraust. Við viljum sjá blöndu af þessu en fyrst og fremst þarf frammistaðan að vera í lagi,“ segir Freyr en mun hann keyra á sínu sterkasta liði eða nýta leikinn til að skoða leikmenn sem eru við það að vera valdir í EM-hópinn?

„Ég ætla að keyra þetta á þeim leikmönnum sem eru 100 prósent leikfærir. Ef það væri fyrsti leikur á EM á morgun þá eru þetta leikmennirnir sem munu taka slaginn. Það verða engar tíu skiptingar í hálfleik en ég geri samt ráð fyrir 5-6 skiptingum út leikinn,“ segir Freyr en hvernig ætlar hann að stöðva Mörtu hina brasilísku?

### Stuð að glíma við Mörtu

„Það verður stuð að glíma við hana. Hún er frábær sem og allar fjórar fremstu. Það verður veisla fyrir fólkið að sjá okkur glíma við þennan meistara. Við munum spila fast á hana og láta hana aðeins bíta í grasið. Við megum ekki selja okkur gegn henni. Hún var að æfa með Söru Björk og ég held hún hafi ekki fílað hana á æfingum. Sara er sennilega sú harðasta í bransanum og þær vita alveg út í hvað þær eru að fara. Það eru smá götubrassar í þeim. Þær geta klórað og tekið á því. Við gætum fengið flottan fótbolta og líka slagsmál.“

henry@frettabladid.is

ÝMIR FÓR TIL TÉKKLANDS
Valsmaðurinn ungi og efnilegi Ýmir Örn Gíslason var valinn í íslenska landsliðshópinn sem mætir Tékklandi í gríðarlega mikilvægum leik í undankeppni EM 2018 á miðvikudaginn. Ýmir lék sína fyrstu A-landsleiki á Gjensidige Cup í Noregi um helgina og stóð sig með prýði. Annars var ekkert sem kom á óvart í vali landsliðsþjálfarans Geirs Sveinssonar. Allir leikmennirnir í 17 manna hópi, fyrir utan Ými og Aron Pálmarsson, spiluðu á HM í Frakklandi í janúar. Ýmir sló í gegn á síðasta tímabili en hann átti stóran þátt í því að Valur varð Íslands- og bikarmeistari og komst í undanúrslit Áskorendabikars Evrópu.



ÆTLAR EKKI AÐ FARA TIL KÍNA
Diego Costa, markahæsti leikmaður Englandsmeistara Chelsea á síðasta tímabili, hefur útilokað að spila í Kína á næsta tímabili. Costa fékk skilaboð frá Antonio Conte, knattspyrnustjóra Chelsea, á dögunum þar sem stóð að krafta hans væri ekki lengur óskað hjá félaginu. Costa vill helst fara aftur til Atlético Madrid en það gæti reynst flókið vegna félagaskiptabannsins sem spænska félagið er í. Costa hefur verið orðaður við kínversk félög en hann hefur engan áhuga á að fara til Kína. „Ég útiloka að fara til Kína. Ég verð að hugsa um HM,“ sagði hinn 28 ára gamli Costa.

**Ingibjörg dúxaði á móti Mörtu í haust. Verður gaman að sjá hvort hún haldi byrjunarliðssætinu og noti F-orðið aftur á þá bestu.**

Mist Rúnarsdóttir
@MistRunarsdotti

EKKI FENGIÐ NEIN TILBOÐ
Ekki er ljóst hvar Joe Hart, aðalmarkvörður enska landsliðsins í fótbolta, spilar á næsta tímabili. Manchester City lánaði Hart til Torino á síðasta tímabili en litlar líkur eru á að hann fari aftur til Ítalíu. City hefur lítið við Hart að gera enda félagið nýbúið að kaupa brasilíska markvörðinn Ederson fyrir metfé. Hart hefur þó ekki áhyggjur af því að City setji of háan verðmiða á sig. „Ég þarf að byrja á því að fá tilboð og ef þau koma get ég skoðað mín mál,“ sagði hinn þrítugi Hart um stöðuna.

KR-INGAR Í EVRÓPUKEPPNI
Íslands- og bikarmeistarar KR ætla að taka þátt í forkeppni FIBA Europe Cup næsta haust. Dregið verður í riðla 4. júlí en fyrstu leikir verða heima og að heiman 27. september og 4. október. Þetta er í fyrsta sinn síðan 2008 sem íslenskt félagslið tekur þátt í Evrópukeppni. Þá spiluðu KR-ingar við Banvit frá Tyrklandi. KR hefur verið sterkasta lið landsins undanfarin ár. KR-ingar hafa orðið Íslands- og deildarmeistarar fjögur ár í röð og bikarmeistarar undanfarin tvö ár.



## Í dag

18.15 Ísland - Brasilía Sport

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 13. JÚNÍ 2017



Strax í apríl byrja margir að finna fyrir óþægindum vegna frjókorna frá trjám á borð við birki, aspir og víði, auk túnfífla. Grasfrjó eru þó algengasti ofnæmisvaldurinn hérlendis. NORDICPHOTOS/GETTY



**Þeir sem eru að hefja hlaup þurfa að huga að ýmsum þáttum, segir Gunnar Páll Jóakimsson, hlaupaþjálfari og íþróttafræðingur.**

heilsa →4

# Frjókornin komin í loftið

Frjókornaofnæmi getur valdið fólki miklum óþægindum. Unnur Steina Björnsdóttir ofnæmislæknir segir mikilvægt að halda einkennum þess í skefjum. →2





Mikið úrval af TYR sundfatnaði - nýjar gerðir og litir, úr **DURAFAST** efninu, sem er sérlega klórþolið og lithelt.
Kíktu á úrvalið á heimasíðu okkar www.aquasport.is

Aqua Sport
www.aquasport.is

Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035



Frjókornaofnæmi lýsir sér með einkennum frá augum, nefi, nefkoki og út í eyru og jafnvel astma. NORDICPHOTOS/GETTY

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Strax í apríl byrja margir að finna fyrir óþægindum vegna frjókorna frá trjám á borð við birki, aspir og víði, auk túnfífla. Grasfrjó eru þó algengasti ofnæmisvaldurinn hér á landi en þau eru nýlega farin af stað. „Frjókornaofnæmi lýsir sér með einkennum frá augum, nefi, nefkoki og út í eyru og jafnvel astma. Þessi einkenni minna á kvef og fólk getur líka fundið fyrir þreytu, enda heitir frjókornaofnæmi hay-fever á ensku,“ segir Unnur Steina Björnsdóttir, sérfræðingur í lyflækningum og ofnæmissjúkdómum.

Með réttum lyfjum er hægt að draga verulega úr einkennunum. „Mikilvægt er að byrja tímanlega að nota nefúða, sem er steraúði, að minnsta kosti tveimur vikum áður en frjókornin fara af stað. Nefúðinn fyrirbyggir bólgur en ef þær ná sér á strik þolir fólk sífellt minna af ofnæmisvakanum og fær meiri einkenni af minna magni af frjókornum,“ upplýsir Unnur Steina, sem mælir með að fólk byrji síðan að taka ofnæmistöflur og -augndropa þegar það fer að finna fyrir einkennum frá augum og nefi.



„Best er að taka nefúða, ofnæmistöflur og -augndropa á sama tíma. Með því fást samlegðaráhrif og verkunin verður enn sterkari en ef lyfin eru tekin hvert í sínu lagi.“

## Samlegðaráhrif af lyfjum

„Best er að taka nefúða, ofnæmistöflur og -augndropa á sama tíma. Með því fást samlegðaráhrif og verkunin verður enn sterkari en ef lyfin eru tekin hvert í sínu lagi. Sumir taka þessi lyf að morgni en öðrum hentar betur að taka þau á kvöldin. Það er mismunandi hvaða tími hentar hverjum og einum en mestu máli skiptir að taka lyfin daglega yfir frjókornatímabilið,“ segir Unnur Steina.

Hún bendir á að gott sé að forðast ofnæmisvakann eftir því sem kostur er, t.d. eigi ekki að hengja út þvott af þeim sem er með frjókornaofnæmi, stór gleraugu geti komið sér vel og sá sem þjáist af frjókornaofnæmi eigi ekki að slá gras. „Svo er vatnið eitt það besta sem hægt er að nota til að fyrirbyggja einkenni. Gott er að skola reglulega framan úr sér með vatni og fara í sund eða sturtu. Þá er hægt að skola nefið með saltvatnslausn sem fæst í apótekum en það má líka nota sérstakar könnur til þess,“ segir Unnur Steina.

## Afnæming í 3-4 ár

Til að losna við frjókornaofnæmi fyrir fullt og allt er hægt að fara í svokallaða afnæmingu og hefur hún gefist vel. „Afnæming hefur gefist mjög vel en meðferðin tekur þrjú til fjögur ár og hægt er að fá hana í töfluformi. Þá er sett tafla undir tungu á hverjum degi í um þrjú ár. Afnæmingin er aðferð til að kenna ónæmisfrumunum í líkamanum að hætta að halda að grasið eða birkið sé hættulegt. Afnæming hefur verið notuð í breyttri mynd síðan árið 1911. Áður fyrr var þetta sprautumeðferð en þá þurfti fólk að mæta á spítala og það var töluverð fyrirhöfn og aukaverkanirnar gátu verið hættulegar. Töflurnar hafa miklu minni aukaverkanir en það þarf að muna eftir að taka þær. Þá eru komin fram ný líftæknilyf sem virka mjög vel gegn alvarlegum astma.“

**„Afnæmingin er aðferð til að kenna ónæmisfrumunum í líkamanum að hætta að halda að grasið eða birkið sé hættulegt.**

## Sterasprautur umdeildar

Sumir kjósa að fá sterasprautur við frjókornaofnæmi en Unnur Steina mælir gegn því vegna þess að þær gefa aðeins skammtímalausn á einkennum ofnæmisins. „Því miður er enn verið að nota sterasprautur, sem vissulega taka öll einkennin, en það er umdeilt hvort það eigi að nota þær. Sterasprautur ætti í raun aðeins að nota fyrir fólk sem er verulega slæmt af frjókornaofnæmi og er að bíða eftir að fara í afnæmingu. Hægt er að byrja í afnæmingu á haustin, þegar frjókornatímabilinu er lokið.“

Unnur Steina segir mikilvægt að þeir sem stýri apótekum landsins hugi vel að því sem þeir selji gegn frjókornaofnæmi. „Fólk heldur gjarnan að allt sem fæst í apótekinu sé byggt á vísindalegum grunni. Sumt af því sem er í boði í lausasölu er ekki nægilega læknisfræðilega sannað. Þetta hef ég gagnrýnt því mér finnst að apótekin þurfi að koma hreint fram gagnvart neytendum.“

Hægt er að fylgjast með frjókornamælingum á vef Náttúrufræðistofnunar, www.ni.is, og heimasíðu Astma- og ofnæmisfélags Íslands, www.ao.is.





Magnesíum Gel er einkar hentugt eftir íþróttaiðkun, til dæmis hlaup. Magnesíum Gel smýgur hratt og vel inn í húðina.

# NÝTT – Magnesíum Gel

## Magnesíum Gel er nýjung úr smiðju Better You, fyrirtækisins sem framleiðir vinsælu magnesíumolíurnar og -flögurnar. Gelið inniheldur mikið magn af hreinu magnesíum sem er auðvelt að nudda á auma vöðva.

Magnesíum er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er gríðarlega mikilvægt fyrir heilsu okkar. Það kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum og getur magnesíumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. „Magnesíum er nauðsynlegt til orkuframleiðslu í líkamanum ásamt því að stuðla að betri heilsu vöðva og beina, vökvajafnvægi og til stjórnunar á tauga- og vöðvasamdrætti. Upptaka á þessu mikilvæga steinefni í gegnum húðina hefur reynst mörgum einstaklega vel,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsu- og næringarmarkþjálfi hjá Artasan ehf.

### Margir þjást af magnesíumskorti

„Við fáum magnesíum úr ýmsum matvælum en samt sem áður er það mjög algengt að fólk sé með skort og er til dæmis talið að allt að 80% Bandaríkjamanna séu með skort. Næringarsnauður jarðvegur sem nýttur er til ræktunar, lélegt/rangt mataræði, óhófleg áfengis- og koffínneysla, ýmis lyf og mikil streita er meðal þess sem veldur skorti og svo skolast steinefni líka út þegar við svitnum,“ segir Hrönn.

Magnesíumskortur getur verið undirliggjandi orsök ýmissa sjúkdóma en einkenni skorts eru margvísleg. Þau geta lýst sér sem:

- Þróttleysi
- Lystarleysi
- Þreyta
- Ógleði
- Svefnleysi
- Kvíði
- Mígreni
- Vöðvakrampar og sinadrættir
- Dofi/tilfinningaleysi
- Náladofi
- Hjartsláttartruflanir
- Skapsveiflur

### Hraðari upptaka

Magnesíumgelið frá Better You er unnið á þann hátt að það smýgur hratt og vel inn í húðina. Rannsóknir sýna að virkni gelsins skilar sér fimm sinnum hraðar en ef um töflur er að ræða. Gelið er ólíkt magnesíumspreyinu að því leyti að það er þykkara og olíukenndara þannig að það er mjög þægilegt til að nudda á auma vöðva. Fjöldi fólks hefur notað magnesíumspreyin með góðum árangri og er þá sérstaklega talað um góða slökun í vöðvum, hægt er að forðast krampa við og eftir íþróttaiðkun og að fótapirringur minnki mikið eða hverfi. Margir sofa einnig betur þar sem magnesíum er vöðvaslakandi. Gelið er því gríðarlega góð viðbót við þessa línu.



**Magnesíum kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum og getur magnesíumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér.**

Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi

### Vandamál í meltingarvegi

Margir kljást við vandamál tengd meltingarfærum og um leið og þessi líffæri eru ekki í toppstandi minnkar frásog næringarefna. Magnesíum sem borið er á húð kemur þá sterkt inn því við tökum það upp beint gegnum húðina og förum alfarið framhjá meltingarfærunum. Einnig kannast margir við að fá í magann þegar magnesíum er tekið inn, með gelinu er það vandamál úr sögunni, segir Hrönn.




Inniheldur 100% náttúrulegt og hreint magnesíumklóríð og er öruggt til notkunar á húð hjá öllum aldurshópum.

### Kláði í húð

Það er vel þekkt að fólk finni fyrir kláða eða kitli þegar magnesíum er sett á húðina, segir Hrönn, en það gerist þegar það smýgur inn í líkamann. Gelið virðist ekki valda jafn miklum kláða og þar sem upptakan er mjög hröð er hægt að hreinsa og/eða þurrka það af húðinni 3-4 mínútum eftir að það hefur verið borið á hana – rétt eins og með spreyið. Það er í öllum tilfellum betra að nudda efninu inn í húðina til að auka upptökuna.

**1 tsk. af geli inniheldur 500 mg af hreinu magnesíum**



# Frumskilyrði að byrja rólega

## Margir byrja að stunda útihlaup á þessum árstíma. Nauðsynlegt er að gefa sér góðan tíma til að aðlagast breyttu álagi og huga vel að hlaupaskóm.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Almenningur er æ meðvitaðri um mikilvægi heilsunnar og eru útihlaup hluti af breyttum lífsstíl hjá mörgum sem þannig hugsa. Útihlaup er góð aðferð til að stuðla að bættu líkamlegu formi og ekki þarf dýran búnað til að byrja þó vissulega sé mikilvægt að huga vel að góðum skóm.

Þeir sem eru að hefja hlaup þurfa þó að huga að ýmsum þáttum, segir Gunnar Páll Jóakimsson, hlaupaþjálfari og íþróttafræðingur. Forsendur séu mjög misjafnar hjá byrjendum þar sem líkamlegt ástand og aldur hafi mikið að segja. Frumskilyrði sé þó að byrja rólega og gefa sér góðan tíma til að aðlagast breyttu álagi. „Ekki falla í þá gryfju að finnast að meira sé alltaf betra. Öll hreyfing er betri en engin. Sumir eru með góðan grunn úr öðrum íþróttum og geta byrjað á hlaupaæfingum. Aðrir byrja að ganga og blanda síðan saman göngu og skokki. Fyrstu vikurnar geta verið með einföldum æfingum en eftir það er betra að hafa æfingarnar fjölbreyttar, bæði hvað varðar hlaupaleiðir og æfingaálag. Flestir eiga að geta stundað hlaup sem heilsurækt en ganga er líka ágætt form líkamsræktar fyrir þá sem ekki geta eða vilja hlaupa.“

### Skór skipta máli

Ekki er nauðsynlegt að fjárfesta í dýrum útbúnaði en þó skipta góðir skór máli, segir Gunnar Páll. „Mikið framboð er af alls kyns góðum skóm en skór geta verið fínir til síns brúks þó þeir henti ekki fyrir þig. Þá eru bestu skórnir fyrir utanvegahlaup ekki alltaf góðir á malbikinu. Því er gott að leita ráða við val á skóm. Mikið framboð er af góðum útivistarfatnaði sem hentar vel til hlaupa. Á Íslandi eru fingravettlingarnir góðir, með þá líður þér betur þó þú sért léttklæddur að öðru leyti. Í íslenska rokinu er gott að vera í hlýjum undirfatnaði og þar yfir í léttum skjólfatnaði sem ver þig gegn vindinum.“

Hann ráðleggur byrjendum að skrá sig í hlaupahóp, slíkt hafi gjörbreytt viðhorfinu hjá fjölmörgum til hlaupa. „Innan hlaupahópa fæst leiðsögn og aðhald. Ekki bara frá leiðbeinendunum heldur líka frá hinum í hópnum. Auðvitað kjósa margir að hlaupa einir en það er þá auðvelt að blanda þessu saman. Ég ráðlegg öllum að finna sér félagsskap í hlaupunum, allavega einu sinni í viku. Þá er gaman að hafa samband við hlaupahópa þegar þú ert á ferðalagi og njóta þekkingar þeirra á hlaupaleiðum á sínu svæði.“




**„Fyrstu vikurnar geta verið með einföldum æfingum en eftir það er betra að hafa æfingarnar fjölbreyttar,“ segir Gunnar Páll Jóakimsson, hlaupaþjálfari og íþróttafræðingur.** MYND/ANTON BRINK

### Muna að teygja

Teygjur og styrktaræfingar skipta einnig máli, segir Gunnar Páll. „Hlaupin ein og sér eru of einhæft form líkamsræktar. Ég ráðlegg öllum að taka einhverjar styrktaræfingar með hlaupunum. Eftir æfingu er best að taka sér tíma til að taka teygjuæfingar og léttar styrktaræfingar, með eða án tækja. Þá er rétt að liðka sig alltaf vel í upphafi. Upphitun með göngu eða skokki og léttum liðkunaræfingum ef fara á í einhverjar krefjandi æfingar. Annars að byrja allar æfingar rólega, jafnvel á göngu, og enda þær á sama hátt.“

Að lokum bendir hann á að ýmsir skemmtilegir viðburðir þar sem allir geta tekið þátt, skemmtiskokkarar jafnt sem afreksfólk, hafi átt sinn þátt í að fjölga þátttakendum. „Fjölbreytni þessara viðburða er líka alltaf að aukast. Sumum finnst gaman að taka þátt í götuhlaupum en aðrir heillast af utanvegahlaupum. Það er hvetjandi að setja sér takmark og vera með í viðburði sem viðkomandi þarf að þjálfa markvisst fyrir í langan tíma til að taka þátt. Á síðunni hlaup.is er að finna fjölda viðburða sem höfða til ólíkra hópa auk lista yfir flesta starfandi hlaupahópa hér á landi.“




Kæri Nágranni

Okkur langar að benda ykkur á nokkur atriði varðandi Secret Solstice hátíðina sem fer fram 15. til 18. Júní.

Við munum gera allt sem getum til að lágmarka það ónæði sem nágrannar okkar verða fyrir á meðan hátíðinni stendur. Við vinnum náið með Reykjavíkurborg til að ganga úr skugga um að allir njóti helgarinnar á meðan við gætum fyllsta öryggis bæði gesta og íbúa.

Hávaðamengun: Öll sviðin okkar eru staðsett með það í huga að lágmarka hávaðamengun í íbúðahverfum í kring. Þá munum við vera með reglulegar hávaðamælingar til að tryggja að við höldum okkur innan þess sem leyfilegt er.

Það verður spiluð lifandi tónlist úti fimmtudaginn 15. júní frá kl. 18:00 til 23:30, og frá 12:00 til 23:30 dagana 16. til 18. júní. Hvernig dag munu hljóðprufur hefjast klukkan 11:00
Miðvikudaginn 14. júní munu fara fram prófanir á hljóðkerfum klukkan 15:00

Með kærri kveðju
Starfsfólk Secret Solstice


SLÖKUN - VELLÍÐAN - UPPLIFUN
JARÐBÖÐIN
VIÐ MÝVATN
- VERIÐ VELKOMIN Í MÝVATNSSVEIT -
www.jardbodin.is · sími 464 4411 · info@jardbodin.is

# Staðgott og orkumikið nesti á sumarnámskeiðin

Grunnskólakrakkar fagna loks sumarfríi og skemmtilegri leikjadagskrá sem tekur nú við. Hollt og gott nesti er nauðsynlegt til að viðhalda orkunni í útileikjum allan daginn. Fjölbreytni í nestisboxið er áskorun.

Hollt nesti og fjölbreytt getur reynst foreldrum áskorun á hverjum degi meðan sumarnámskeið standa yfir. Kjötbollur eru góðar bæði heitar og kaldar og tilvalið að útbúa helling af þeim og eiga í frysti.



## Einfaldar kjötbollur

**300 g hakk, til dæmis grísa- og nautahakk**
**1 stórt egg**
**¼ bolli laukur, fínt saxaður**
**¼ bolli gulrót, fínt söxuð**
**¼ bolli paprika, fínt söxuð**
**1/3 bolli brauðmylsna**
**1/3 bolli mjólk**
**1 tsk. Worcestershiresósa**
**Salt**
**Svartur pipar**

Blandið öllu saman í skál og hnoðið saman með höndunum. Mótið bollur í þægilegri stærð og raðið í ofnskúffu. Bakið við 200 gráður í 20 – 25 mínútur. Styttið tímann ef bollurnar eru litlar.
*Uppskrift fengin af food.com*

## Jógúrtsósa

**⅔ bolli hrein grísk jógúrt**
**1 msk. ólívuolía**
**1 msk. saxað dill**
**1 bolli gúrka, fínt söxuð**
**Salt**

Hrærið öllu saman í skál og setjið í lítið box með loki sem passar í nestisboxið.

Kjötbollunum er gott að dýfa í kalda sósu og þá er líka gott að skera niður sellerí, papriku, gulrætur og gúrku í strimla sem þægilegt er að stinga í sósuna. Kirsuberjatómatar og grænar ertur bragðast líka vel með jógúrtsósunni.
*Uppskrift fengin af realsimple.com*



**Kjötbollur er hentugt að búa til í magni og frysta. Þær eru kjörnar í nestisboxið með kaldri dýfu.**



**Köld jógúrtsósa er góð með kjötbollum og grænmeti.**

**» Kjötbollunum er gott að dýfa í kalda sósu og þá er líka gott að skera niður sellerí, papriku, gulrætur og gúrku í strimla sem þægilegt er að stinga í sósuna.**





20-50% afsláttur
af völdum vörum!
Stærðir
36-56
Skemmtilegt sumarhapp-drætti dagana 10-16.júní!
Brakandi gott Prins Polo í boði fyrir gesti!
JIBBÍ JEIJ DAGAR!
Nýjar vörur og fullt af FRÁBÆRUM tilboðum í Kringlunni og á Glerártorgi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
Skór á FRÁBÆRU verði! 4.990kr st.36-41
Skór á FRÁBÆRU verði! 4.990kr st.36-41
Skór á FRÁBÆRU verði! 4.990kr st.36-41
Skór á FRÁBÆRU verði! 4.990kr st.36-41
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
SKOKKUR ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st.S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st.38-50
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
SKOKKUR ÁÐUR 3.990 NÚ 2.990 st.S-XXXL
BLÚSSA ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st.38-56
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

# Börnin sofa best í eigin rúmi

## Ný bandarísk rannsókn sýnir að börn undir sex mánaða aldri eigi að sofa í sama herbergi og foreldrarnir en þau mega alls ekki vera í sama rúmi.

Ungbörn eiga ekki að sofa uppi í rúmi hjá foreldrum. Bæði er það hættulegt auk þess sem svefn barnsins verður verri. Of lítill svefn á fyrstu mánuðum lífsins getur leitt til offitu og svefnleysis síðar á ævinni. Bandarísku sérfræðingarnir töldu best að barnið fengi eigið herbergi um sex mánaða aldur. Eftir það getur orðið erfiðara að venja það á eigið rúm og herbergi þar sem barnið fer að ala með sér aðskilnaðarkvíða. Rannsóknin var birt í blaðinu Pediatrics.

Þátttakendur voru 279 bandarískar mæður sem svöruðu spurningum um börn sín. Spurt var hversu lengi börnin svæfu, hvar þau svæfu, hversu oft þau vöknuðu á nóttunni, brjósta- eða pelagjöf á nóttunni, hvenær og hversu oft þau legðu sig yfir daginn og hvort þau svæfu yfirleitt vel eða illa. Í ljós kom að börn sem sofa í eigin rúmi eftir fjögurra mánaða aldur sofa 45 mínútum lengur í samfelldum svefni en þau sem sofa uppi í rúmi hjá foreldrum. Þau börn sem sofa í eigin herbergi eftir níu mánaða aldur sváfu mun betur og lengur en þau sem voru í sama herbergi og foreldrar.



Ungbörn eiga að sofa í eigin rúmi. Alls ekki á milli foreldra sinna. NORDICPHOTOS/GETTY

Norskur sérfræðingur sem spurður var um rannsóknina á vefsíðu forskning.no segir nauðsynlegt fyrir ungbörn að sofa í sama herbergi og foreldrar fyrstu mánuðina. Það sé betra fyrir barnið og auðveldi móðurinni brjóstagjöf. Ungbörn ættu hins vegar ekki að sofa í sama rúmi og foreldrar vegna hættu á köfnun. Börnin sofa mun betur í eigin rúmi. Mjög ung börn sofa venjulega ekki ein í herbergi í Noregi eins og tíðkast fremur í Bandaríkjunum. Þar utan hafa ekki allir efni á íbúð með mörgum svefnherbergjum.

Í eldri rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum kom fram að um 14% foreldra láta ungbarn sofa uppi í hjá sér. Í Noregi mun það vera um 25% ungbarna sem sofa á milli foreldranna og hefur það aukist mikið undanfarin ár. Norðmenn hafa varað foreldra við hættunni sem getur skapast fyrir barnið en vöggudauði er algengastur hjá börnum sem sofa hjá foreldrum.

Ákveðnar reglur eru alltaf í gildi. Látið barnið sofa í eigin rúmi og það á að liggja á bakinu. Gætið að því að barninu sé ekki of heitt. Ekki hafa kodda eða tuskudýr í rúminu hjá ungbarni.




Domino's TOYOTA

LANDSLEIKUR | ÞRIÐJUDAG | 18:15 | SPORT

Í OPINNI DAGSKRÁ

# ÍSLAND - BRASILÍA




SPORT BESTA SÆTIÐ

SÍMI 1817 | 365.IS | 365

MYND: MYNDASAFN KSÍ

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

---

## STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**

TOYOTA Auris. Árgerð 2013, ekinn 63 Þ.KM, bensín, 6 gírar. TILBOÐ 1.790.000 staðgreitt. Rnr.159175.



**100% LÁN**

SUZUKI Jimny. Árgerð 2012, ekinn 51 Þ.KM, bensín, SJÁLFSKIPTUR. Verð 1.790.000. Rnr.136224.



**100% LÁN**

TOYOTA RAV4 4X4. Árgerð 2000, ekinn 220 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 490.000 staðgreitt. Rnr.159584.

## STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**

TOYOTA Rav4. Árgerð 1997, ekinn 158 Þ.KM, bensín, beinskiptur. TILBOÐ 350.000 staðgreitt. Rnr.162619.



**90% LÁN**

VW Polo Trendline. Árgerð 2015, ekinn 9 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.090.000. Rnr.136156.



**90% LÁN**

SKODA Fabia 1.4 Disel. Árgerð 2016, ekinn 32 þ.km, beinskiptur. Verð 2.090.000. Rnr.136158.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

## bilfang.is S. 567 2000



**GLÆSILEGUR !**

Audi A3 SPORT Sportback Diesel (150HÖ) árg 2017 ek 6 þ.km Sjálfskiptur , vel búinn OKKAR VERÐ 4.1 mil !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

## bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð
og hjálp ef þau lenda í ofbeldi

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## BÍLAHÖLLIN S: 567-4949



VW Golf trendline. Árgerð 2007, ekinn 153 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 880.000. Rnr.288383.



TOYOTA Aygo h/b. Árgerð 2006, ekinn 75 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 590.000. Rnr.151815.

## BÍLAHÖLLIN S: 567-4949



TOYOTA Auris terra. Árgerð 2013, ekinn 72 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.151778.



TOYOTA Rav4 vx. Árgerð 2015, ekinn 31 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.130.000. Rnr.311886.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

## NÝR BÍLL • HYUNDAI Ioniq hybrid



**Árgerð 2017,**
**bensín,**
**sjálfskiptur,**
**6 gírar.**
**Verð 3.490.000. -**
**Rnr.101799.**

MB bílar • Kletthálsi 1a • 110 Reykjavík
www.mbbilar.is • S. 415 1150

---



# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

## Bílar til sölu



**GRILLBÍLL !!!**
Þessi er hlaðinn græjum. LÆKKAÐ VERÐ 3.850.000.- uppl. 820-5181

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar




**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Húsbílar



Ford Transit Rimor húsbíll. Nýskr 30.05.2008. Ek. 84þús. Vél 2.2. 5 gíra. Eyðslugrannur. Hraðastillir. Skoðaður 2018. Bakkmyndavél. Nýleg dekk. Svefnpláss fyrir 4. Verð 5.600.000.- Uppl. í s. 855 5231

# Þjónusta

## Húsaviðhald




**NULL**
Hreinsa þakrennur, ryðbletta þök og tek að mér ýmis verkefni. Uppl. í s.8478704 eða manninn@hotmail.com

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar




Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd

Heilsunudd. Nuddstofan, opið frá 09-19. S. 855 3199

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**ÞÝSKA SENDIRÁÐIÐ**
óskar eftir 4ja herb. íbúð til leigu í fjögur ár frá 15.08.2017 í Reykjavík eða nágrenni, helst m/bílskúr-skýli. Sendið upp. vinsamlegast á info@reykjavik.diplo.de og 530 1100

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**STARFSMAÐUR VANUR FISK**
Fiskvinnsla í Hafnarfirði leitar eftir starfsmanni með lyftarapróf, viðkomandi þarf að vera vanur fiskvinnustörfum. Hægt er að senda póst á vinna@hamrafell.is




## Atvinna

# SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í vinnu.

**HANDAFL EHF**
**STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
**s. 777 2 333**

**Waldorfskólinn Sólstafir í Reykjavík auglýsir laust starf waldorfkennara við skólann skólaárið 2017-2018.**

Waldorfskólinn er sjálfstæður grunnskóli sem hefur skapandi skólastarf og mannrækt að leiðarljósi.

**Hæfniskröfur vegna starfsins eru:**
- Grunnskólakennaramenntun.
- Meistaragráða í Waldorf uppeldis og kennslufræði.
- Stjórnunar og/eða kennslureynsla í Waldorfskóla æskileg.
- Menntun í listmeðferðafræði æskileg.

**Nánari upplýsingar varðandi starfið á solstafir@waldorf.is**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**




## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Kjalarnes, Hof

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 17. maí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 1. júní 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Esjuhof., spildu úr Hofslandi I við Esjurætur á Kjalarnesi. Í tillögunni er gerð grein fyrir mögulegri uppbyggingu svæðisins til framtíðar og er m.a. verið að afmarka byggingarreit, bílastæði, hestagerði og stíga. Markmiðið er að byggja upp aðstöðu til að þjóna göngu-, hesta- og hjólreiðamönnum með salernisaðstöðu, hesta- og farangursskýli auk möguleika á kaffisölu og aðstöðu fyrir starfsfólk. Stærð svæðisins sem skipulagið nær yfir er um 15 hektarar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Fiskislóð 43

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 17. maí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 1. júní 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðar nr. 43 við Fiskislóð. Í breytingunni felst m.a. að stækka byggingarreit og færa nær götu til suðvesturs í samræmi við Fiskislóð 45, hækka hámarkshæð úr 12 metrum í 18 metra á 23 m x 23 m reit innan byggingarreits fyrir sértilbúinn sýningarsal og fækka bílastæðum niður í 35 (þar af 3 rútustæði). Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Fiskislóð 45

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 17. maí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 1. júní 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Örfiriseyjar vegna lóðar nr. 45 við Fiskislóð. Í breytingunni felst að á lóðinni verði hámarksnýtingarhlutfall með millipöllum N:0,65. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Norðurbrún 2

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. maí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 1. júní 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Norðurbrún. Í breytingunni felst m.a. að hækka húsið um tvær inndregnar hæðir og breyta notkun hússins úr verslunarhúsnæði í atvinnuhúsnæði með íbúðum, allt að 30-90 $m^2$ að stærð, fjöldi íbúða yrði samtals 8. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Templarasund 3 og Kirkjutorg 4

